

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/61

2022/EES/63/01

frá 10. október 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 460. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar fyrst fór að gæta lausafjávanda vegna fjármálakreppunnar sem hófst árið 2007 lentu margar lánastofnanir í töluverðum erfiðleikum þrátt fyrir að hafa nægilega sterka eiginfjárstöðu vegna þess að þær höfðu ekki stýrt lausafjáráhættu sinni af varfærni. Sumar lánastofnanir urðu of háðar skammtímafjármögnun sem gekk hratt til þurrðar við upphaf fjármálakreppunnar. Slíkar lánastofnanir áttu þá erfitt með lausafjárefitirspurn vegna þess að þær höfðu ekki nægilega mikið magn af lausafjáreignum til að koma til móts við úttektarbeiðnir (ústreymi) í þessum álagsaðstæðum. Lánastofnanir neyddust þá til að innleysa eignir á brunaútsölu sem hafði í för með sér vítahring verðlækkana og vantraust á markaði sem aftur leiddi til greiðsluferfiðleika. Að lokum urðu margar lánastofnanir of háðar lausafé frá seðlabönkum og þurftu að bjarga þeim með því að veita þeim háar fjárhæðir úr almannasjóðum. Því varð það ljóst að nauðsynlegt væri að þróa ítarlegar kröfur um lausafjárþekju sem ættu að miða að því að komast hjá þessari áhættu með því að gera lánastofnanir minna háðar skammtímafjármögnun og veitingu lausafjár frá seðlabönkum og þólnari gagnvart skyndilegum áföllum að því er varðar lausafjárstöðu.
- 2) Í ákvæðum 1. mgr. 412 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru settar fram kröfur varðandi lausafjárþekju á lánastofnanir sem eru skilgreindar með almennu orðalagi sem skylda til „að eiga lausafjáreignir, þar sem heildarfjárhæð virðis þeirra nær yfir ústreymi lausafjár að frádregnu innstreymi lausafjár við erfiðar aðstæður“. Samkvæmt 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, hefur framkvæmdastjórnin heimild til að tilgreina í smáatriðum kröfunu um lausafjárþekju og kringumstæðurnar þar sem lögbær yfirvöld þurfa að setja lánastofnunum ákveðin mörk varðandi inn- og ústreymi til að greina sértækar áhættur sem þær eru berskjaldaðar fyrir. Í samræmi við 101. forsendu reglugerðar (ESB) 575/2013 ættu reglurnar að vera sambærilegar við lausafjárþekjuhlutfallið sem kemur fram í alþjóðlegum ramma Baselnefndarinnar um bankaefirlit um mat á, staðla fyrir og eftirlit með lausafjáráhættu, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna í Sambandinu og hverju landi um sig. Þar til krafan varðandi lausafjárþekju hefur að fullu komið til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018 ættu aðildarríki að geta beitt lausafjárþekjukröfunum upp að 100% mörkunum fyrir lánastofnanir í samræmi við landslög.
- 3) Í samræmi við staðla Baselnefndarinnar um bankaefirlit um greiðsluhæfi ætti að samþykka reglur til að skilgreina kröfur varðandi lausafjárþekju sem hlutfall varaforða „lausafjáreigna“ lánastofnunarinnar samanborið við „nettó

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

lausafjárústreymi“ á 30 daga álagstímabili. „Nettó lausafjárústreymi“ ætti að reikna með því að draga innstreymi lausafjár lánastofnunarinnar frá ústreymi lausafjár. Lausafjárþekjuhluftfall skal gefið upp sem prósentuhluftfall sem sett er að lágmarki við 100% markið þegar það er komið að fullu til framkvæmda, sem gefur til kynna að lánastofnunin eigi nægilegar lausafjäreignir til að mæta nettó lausafjárústreymi á 30 daga álagstímabili. Á slíku álagstímabili ætti lánastofnun með skjóttum hætti að geta umbreytt lausafjäreignum sínum í handbært fé án þess að fá lausafjárstuðning frá seðlabanka eða úr opinberum sjóðum, sem getur leitt til þess að lausafjárþekjuhluftfallið fari tímabundið niður fyrir 100% markið. Ef það á sér stað eða ef vænta má að það muni eiga sér stað á einhverjum tímapunkti, ættu lánastofnanir að fara að sérstökum kröfum sem mælt er fyrir um í 414 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til að endurheimta lágmarks lausafjárþekjuhluftfall sitt í tæka tíð.

- 4) Aðeins ætti að skilgreina eignir, sem eru framseljanlegar án takmarkana og hægt er að umbreyta hratt í handbært fé á mörkuðum innan stutts tímaramma og án verulegs taps á virði, sem „lausafjäreignir“ að því er varðar varaforða lauss fjár lánastofnana. Í samræmi við sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og flokkun Baselnefndarinnar um bankaefirlit á lausafjäreignum ættu viðeigandi reglur að greina í sundur afar auðseljanlegar eignir og af mjög miklum útlánagæðum eða eignir á stigi 1 og auðseljanlegar eignir og af miklum útlánagæðum eða eignir á stigi 2. Seinna stiginu skal skipta upp í eignir á stigi 2A og 2B. Lánastofnanir ættu að ráða yfir nægilega dreifðum varaforða lauss fjár, með hliðsjón af hlutfallslegri lausafjárstöðu þeirra og útlánagæðum. Til samræmis við það ættu sérstakar kröfur að taka til hvers stigs og undirstigs um frádrag og mörk heildarvaraforða lauss fjár og, þar sem við á, ættu mismunandi kröfur að gilda milli stiga og undirstiga og milli flokka lausafjäreigna á sama stigi eða undirstigi, sem ættu að vera strangari eftir því sem lausafjäreignaflokkun þeirra er lægri.
- 5) Tilteknar almennar kröfur og rekstrarlegar kröfur ættu að gilda um lausafjäreignir til að tryggja að hægt sé að umbreyta þeim í handbært fé með stuttum fyrirvara, með nokkrum undantekningum varðandi tilgreindar eignir á stigi 1 þegar við á. Í þessum kröfum ætti að tilgreina að lausafjäreignirnar ættu að vera án kvaða sem koma í veg fyrir að hægt sé að ráðstafa þeim, að auðvelt sé að verðmeta þær og skrá á viðurkenndum verðbréfamarkaði eða hægt sé að stunda viðskipti með þær í beinni sölu eða á endurkaupamörkuðum. Í þeim ætti einnig að tryggja að lausafjárstýringarvið lánastofnunar hafi aðgang að og stýri ávallt lausafjäreignum hennar og að eignirnar sem mynda varaforða lauss fjár séu hæfilega dreifðar. Fjölbreytni eigna er mikilvæg til að tryggja að getu lánastofnana til að koma lausafjäreignum fljótt í verð án verulegs virðistaps sé ekki teft í tvísýnu með því að þær eignir séu viðkvæmar fyrir sama áhættuþætti. Einnig ætti að krefja lánastofnanir um að tryggja samræmi milli þess í hvaða gjaldmiðli lausafjäreignir þeirra og nettó lausafjárústreymi þeirra eru tilgreind til að hindra að of mikið gjaldmiðlamisvægi komi í veg fyrir að þær geti notað varaforða lauss fjár síns til að mæta lausafjárústreymi í tilteknum gjaldmiðli á álagstímabili.
- 6) Í samræmi við tilmæli Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar í skýrslu sinni frá 20. desember 2013, sem gerð var skv. 3. og 5. mgr. 509. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ætti að staðsetja allar tegundir skuldabréfa, sem ríkisstjórnir aðildarríkja og seðlabankar gefa út eða tryggja, auk þeirra sem yfirþjóðlegar stofnanir gefa út eða tryggja, á stigi 1. Eins og Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur bent á eru sterk varfærnisrök gegn því að mismuna aðildarríkjum vegna þess að með því að útiloka sum ríkisskuldabréf frá stigi 1 myndi myndast hvati til að fjárfesta í öðrum ríkisskuldabréfum innan Sambandsins, sem myndi leiða til uppskiptingar innri markaðarins og auka gagnkvæma hættu á smitáhrifum milli lánastofnana og ríkja í kreppu („sambandið milli banka og ríkja“). Að því er varðar þriðju lönd ætti að staðsetja áhættuskuldbindingar vegna seðlabanka og ríkja, sem fá 0% áhættuvog samkvæmt reglunum um útlánahættu í II. bálki 3 hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á stigi 1, eins og kveðið er á um í staðli Baselnefndarinnar um bankaefirlit. Áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna, staðaryfirvalda og opinberra aðila ætti aðeins að staðsetja á stigi 1 þegar farið er með þær eins og áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórnar þeirra og ríkisstjórnin nýtur 0% áhættuvogar í samræmi við sömu reglur um útlánahættu. Áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka og alþjóðastofnana sem úthlutað hefur verið 0% áhættuvog ætti að setja í sömu stöðu. Í ljósi þess að eignirnar eru afar auðseljanlegar og af mjög miklum útlánagæðum ættu lánastofnanir að hafa heimild til að hafa þær í varaforða sínum án takmörkunar og þær ættu ekki að falla undir frádrag eða kröfu um fjölbreytni.
- 7) Eignir sem lánastofnanir gefa út ættu almennt ekki að teljast lausafjäreignir, en meðhöndla skal eignir banka, sem ríkisstjórnir aðildarríkja styðja, á stigi 1, svo sem stuðningslánveitendur og lánveitendur í ríkiseigu auk eigna einkabanka með skýra ríkisábyrgð. Þessi ríkisábyrgð er arfleifð frá fjármálakreppunni og ætti að fella úr gildi í áföngum og, í samræmi við það, ættu aðeins eignir banka með ríkisábyrgð sem veitt var eða lofað fyrir 30. júní 2014 að teljast lausafjäreignir. Að sama skapi ætti að fara með réttþærri skuldabréf, sem gefin eru út af tilteknum tilgreindum

eignastýringastofnunum tiltekens aðildarríkis, sem eignir á stigi 1 að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um áhættu-skuldbindingar vegna ríkisstjórna viðkomandi aðildarríkja en aðeins með tímabundnum áhrifum.

- 8) Sértrygð skuldabréf eru skuldageringar sem gefnir eru út af lánastofnunum og tryggðir með tryggingasafni eigna sem samanstendur venjulega af húsnæðislánum eða skuldum úr opinbera geiranum þar sem fjárfestarnir hafa forgangsröfu ef til vanefnda kemur. Tryggt eðli þeirra og nokkrir öryggisþættir til viðbótar, svo sem krafan um að útgefandi þeirra láti aðrar eignir koma í stað eigna í vanskilum í tryggingasafni og viðhaldi virði tryggingasafnsins yfir nafnverði skuldabréfanna („krafa um eignaþekju“), hefur átt þátt í að sértrygð skuldabréf eru tiltölulega áhættulitlir gerningar með ávöxtun sem gegna lykilmögnunarhlutverki á húsnæðislánamörkuðum í flestum aðildarríkjum. Í tilteknum aðildarríkjum eru útgáfur útstandandi sértrygðra skuldabréfa umfangsmeiri en safn útstandandi ríkisskuldabréfa. Tiltækin sértrygð skuldabréf á 1. þrepi útlánagæða sýndu einkum framúrskarandi seljanleika á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 30. júní 2012 sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin rannsakaði í skýrslu sinni. Engu að síður mælti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin með því að farið væri með sértrygð skuldabréf sem eignir á stigi 2A til samræmis við staðla Baselnefndarinnar um bankaeftirlit. Hins vegar, í ljósi þeirra sjónarmiða sem fram koma að ofan um útlánagæði þeirra, seljanleika og hlutverk á fjármagnsmörkuðum Sambandsins, er rétt að fara með þessi sértrygð skuldabréf á 1. þrepi útlánagæða sem eignir á stigi 1. Til þess að komast hjá af mikilli samþjöppunaráhættu og ólíkt öðrum eignum á stigi 1 ættu eignir í sértrygðum skuldabréfum á 1. þrepi útlánagæða í varforða lauss fjár að falla undir 70% hámark í heildarforðanum, lágmarks 7% frádrag og kröfu um fjölbreytni.
- 9) Viðurkenna ætti sértrygð skuldabréf á 2. þrepi útlánagæða sem eignir á stigi 2A sem falla undir sama hámark (40%) og frádrag (15%) sem gildir um aðrar lausafjäreignir á þessu stigi. Þetta má réttlæta á grundvelli tiltækra markaðsgagna sem sýna að sértrygð skuldabréf á 2. þrepi útlánagæða voru seljanlegri en aðrar sambærilegar eignir á stigi 2A og 2B, svo sem verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði á 1. þrepi útlánagæða. Með því að heimila að þessi sértrygð skuldabréf séu tæk til notkunar í varforða lauss fjár væri enn fremur stuðlað að dreifingu í safni tiltækra eigna innan forðans og komið í veg fyrir ótilhlýðilega mismunun eða hengiflugsáhrif milli þeirra og sértrygðra skuldabréfa í 1. þrepi útlánagæða. Það skal hins vegar tekið fram að verulegt hlutfall þessara sértrygðra skuldabréfa fóru á 2. þrep útlánagæða vegna lækkunar á lánshæfismati ríkisstjórnar aðildarríkisins þar sem útgefandi þeirra hafði staðfestu. Þetta endurspeglar það landsbundna hámark sem yfirleitt er fellt inn í aðferðir lánshæfismatsfyrirtækja sem hefur í för með sér að ekki er hægt að meta fjármálagerninga þannig að þeir fari yfir tiltekið stig í hlutfalli við lánshæfismat ríkis þeirra. Þar af leiðandi komu landsbundin hámark í veg fyrir að sértrygð skuldabréf sem eru gefin út í þeim aðildarríkjum gætu náð 1. þrepi útlánagæða óháð útlánagæðum þeirra, sem dró úr seljanleika þeirra í samburði við sértrygð skuldabréf af svipuðum gæðum sem gefin voru út í aðildarríkjum sem höfðu ekki verið færð niður um flokk. Af þeim sökum hefur átt sér stað mikil uppskipting fjármagnsmarkaða innan Sambandsins sem undirstrikar nauðsyn þess að finna viðeigandi valkost við ytra mat sem eina þeirra viðmiðana í varfærnisreglum til að flokka seljanleika og útlánaáhættu sértrygðra skuldabréfa og annarra flokka eigna. Í samræmi við 1. mgr. 39. gr. b reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 <sup>(1)</sup> skal framkvæmdastjórnin skila skýrslu fyrir 31. desember 2015 um önnur tæki til lánshæfismats með það í huga að fjarlægja allar tilvísanir í lánshæfismöt í eftirlitsskyni í lögum Sambandsins eigi síðar en 1. janúar 2020.
- 10) Að því er varðar eignavarin verðbréf hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mælt með því, í samræmi við eigin rannsóknarniðurstöður og staðla Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, að einungis verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði á 1. þrepi útlánagæða, verði viðurkennd sem eignir á stigi 2B og falli undir 25% frádrag. Það er líka við hæfi að víkja frá þessum tilmælum og gera eignavörðum verðbréfum sem tryggð eru með öðrum eignum kleift að flokkast sem eignir á stigi 2B. Meira úrval af tækum undirflokkum eigna myndi auka fjölbreytni í varforða lauss fjár og auðvelda fjármögnun raunhagkerfisins. Enn fremur, þar sem tiltæk markaðsgögn benda til þess að lítil fylgni sé milli eignavarinna verðbréfa og annarra lausafjäreigna svo sem ríkisskuldabréfa, myndi sambandið milli banka og ríkja veikjast og draga myndi úr uppskiptingu innri markaðarins. Að auki eru til staðar vísbendingar um að fjárfestar eigi það til að hamstra hágæða, eignavarin verðbréf með stuttan veginn meðallíftíma og háar fyrirframgreiðslur á meðan fjármálaóstöðugleiki varir, þar sem hægt er að umbreyta þeim hratt í reiðufé og hægt er að reiða sig á þær sem trausta uppsprettu lausafjár. Þetta á einkum við um eignavarin verðbréf sem eru tryggð með lánum og kaupleigusamningum fyrir fjármögnun á vélknúnum ökutækjum („verðbréf tryggð með bilaláni“) en verðflökt á þeim og meðalalag vegna áhættu er sambærilegt við verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði á tímabilinu 2007–2012. Ákveðinn hluti

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtúð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

eignavarinna verðbréfa tryggðra með neytendalánnum, svo sem kreditkortum, sýndu einnig sambærilegan seljanleika. Að lokum gæti það stuðlað að hagvexti að leyfa eignavarin verðbréf sem eru tryggð með raunhagkerfiseignum, eins og þau sem þegar hafa verið tilgreind og lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar sem það myndi senda jákvæð skilaboð til fjárfesta í tengslum við þessar eignir. Viðeigandi reglur ættu þess vegna að viðurkenna eignavarin verðbréf sem ekki eru aðeins tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, heldur einnig með bílalánnum, neytendalánnum og lánnum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eignir á stigi 2B. Til þess að viðhalda traustri stöðu og virkni varaforða lauss fjár ættu þau ekki að geta talist tæk nema að uppfylltar séu tilteknar kröfur um mikil gæði sem eru í samræmi við þær viðmiðanir sem gilda um einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun í annarri löggjöf um fjármálageirann. Meðal þess sem felast ætti í þessum kröfum um mikil gæði, einkum að því er varðar verðbréf sem eru tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, ætti að vera að farið sé að kröfum um tiltekin veðsetningarhlutföll og hlutföll skulda og tekna, en þessi hlutföll ættu ekki að gilda um verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði, sem gefin eru út fyrir þann dag þegar kröfur um lausafjárþekju koma til framkvæmda. Til þess að taka tillit til minni seljanleika í eignavörðum verðbréfum sem eru tryggð með neytendalánnum og lánnum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í samanburði við eignavarin verðbréf tryggð með fasteignaveðum í íbúðarhúsnæði og bílalánnum, ættu fyrrnefndu bréfin að sæta meira frádragi (35%). Öll eignavarin verðbréf ættu, eins og aðrar eignir á stigi 2B, að sæta 15% heildarhámarki á varaforða lauss fjár og kröfu um fjölbreytni.

- 11) Reglurnar sem varða flokkun, kröfur, háþörk og frádrag sem gilda um þær eignir sem eftir eru á stigi 2A og 2B ættu að vera vel samræmdar reglum sem gilda um eignavarin verðbréf sem tryggð eru með fasteignaveðum í íbúðarhúsnæði og tilmælum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Hins vegar ætti að fara með hluti og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir á sama stigi og flokki og undirliggjandi eignir sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.
- 12) Einnig er rétt við ákvörðun lausafjárþekjuhlutfalls að taka tillit til miðstýrðrar stýringar lausafjár í samstarfs- og stofnanaverndarkerfum þar sem miðlæg stofnun eða aðili fer með hlutverk sem svarar til hlutverks seðlabanka vegna þess að aðilar að kerfinu hafa almennt ekki beinan aðgang að þeim síðarnefnda. Viðeigandi reglur ættu þar af leiðandi að viðurkenna sem lausafjáreignir þau innlán sem aðilar að kerfinu leggja inn á hlaupareikninga hjá miðlægu stofnuninni og aðra lausafjár fjármögnun sem þeir hafa aðgang að hjá miðlægu stofnuninni. Innlán sem ekki uppfylla skilyrði til að teljast lausafjáreignir ættu að fá ívilnandi útstreymishlutfall sem leyft er fyrir rekstrarlegar innstæður.
- 13) Útstreymishlutfall fyrir stöðug smásöluinnlán ætti að setja við 5% staðalhlutfall en 3% ívilnandi útstreymishlutfall ætti að vera heimilt fyrir allar lánastofnanir sem eiga aðild að innstæðutryggingakerfi í aðildarríki sem uppfyllir tilteknar strangar viðmiðanir. Í fyrsta lagi ætti að taka tillit til framkvæmdar aðildarríkjanna á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB um innstæðutryggingakerfi <sup>(1)</sup>. Í öðru lagi ætti kerfi aðildarríkjanna að uppfylla sérstakar kröfur að því er varðar endurgreiðslutímabilið, fyrirframfjármögnun og aðgang að viðbótarfjármunum ef mikil þörf er til að leita í varasjóði þeirra. Loks ætti notkun ívilnandi 3% hlutfalls að vera háð fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar, sem ætti aðeins að veita þegar framkvæmdastjórnin er fullviss um að innlánatryggingakerfi aðildarríkisins samræmist áðurnefndum viðmiðunum og ekki eru til staðar álitamál sem vega þyngra varðandi virkni innri markaðarins fyrir smásöluinnlán. Í öllu falli ætti ívilnandi 3% hlutfall fyrir stöðug smásöluinnlán ekki að gilda fyrir 1. janúar 2019.
- 14) Lánastofnanir ættu að geta tilgreint önnur smásöluinnlán sem herra niðurfærsluhlutfall gildir um. Í viðeigandi reglum sem byggjast á leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um smásöluinnlán sem falla undir mismunandi útstreymi ætti að setja fram viðmiðanir til að tilgreina þau smásöluinnlán á grundvelli tiltekinna sérkenna, þ.e. heildarstærð innlánsins, eðli innstæðunnar, endurgjaldið, líkur á úttekt og hvort innstæðueigandinn sé búsettur í landinu eða ekki.
- 15) Ekki má ganga út frá því sem vísu að lánastofnanir fái alltaf lausafjárstuðning frá öðrum fyrirtækjum sem tilheyra sömu samstæðu eða eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi þegar þær lenda í erfiðleikum með að standa við greiðsluskuldbindingar sínar. Hins vegar þegar engin undanþága hefur verið veitt frá að beita lausafjárþekjuhlutfalli á einingargrundvelli, í samræmi við 8. eða 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ætti lausafjárstreymi milli tveggja lánastofnana sem tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi að meginreglu til að fá samhverf innstreymis- og útstreymishlutföll til þess að komast hjá lausafjártapi á innri markaðnum, að því tilskildu að allar nauðsynlegar tryggingar séu til staðar og aðeins með fyrirframsamþykki viðkomandi lögbærra yfirvalda. Slíka ívilnandi meðferð ætti

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

einungis að veita fyrir streymi yfir landamæri á grundvelli hlutlægra viðmiðana til viðbótar, þ.m.t. lágt lausafjárhættusnið veitandans og móttakandans.

- 16) Til þess að koma í veg fyrir að lánastofnanir reiði sig eingöngu á áætlað innstreymi til að uppfylla lausafjárþekjuhlutfall sitt og einnig til að tryggja lágmarks lausafjáreignir, ætti fjárhæð innstreymis sem getur mætt útstreymi að vera að hámarki 75% af áætluðu heildarútstreymi. Hins vegar, þegar tekið er tillit til sérhæfðra viðskiptalíkana, ætti að leyfa tiltekna undanþágur frá þessu hámarki, annaðhvort í heild eða að hluta, til þess að fara að meðalhófsreglunni og að fengnu fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda. Þar á meðal ætti að vera undanþága fyrir stofnanaverndarkerfisflæði innan samstæðu og innan stofnunar og lánastofnana sem eru sérhæfðar í gegnumstreymishúsnæðislánum eða eignaleigu og kröfukaupum. Að auki ætti að gera lánastofnunum sem sérhæfa sig í fjármögnun bifreiðakaupa eða neytendalánnum kleift að beita hærra 90% hámarki. Þessar undanþágur ættu að vera tiltækar bæði fyrir einingar og á samstæðuprepi, en einungis þegar tiltekna viðmiðanir eru uppfylltar.
- 17) Lausafjárþekjuhlutfallið ætti að gilda um lánastofnanir bæði á einingar- og samstæðugrunni nema lögbær yfirvöld falli frá beitingu á einingargrunni í samræmi við 8. eða 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar dótturfyrirtækjum í þriðju löndum er steypt saman ætti að taka tilhlýðilegt tillit til krafna um lausafjárþekju sem gilda í þeim löndum. Sameiningarreglur í Sambandinu ættu því ekki að veita lausafjáreignum, lausafjárútstreymi eða innstreymi lausafjár í dótturfyrirtækjum í þriðju löndum hagstæðari meðferð en þá sem fæst samkvæmt innlendum lögum þessara þriðju landa.
- 18) Framkvæmdastjórnin verður, í samræmi við 2. mgr. 508. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að skila skýrslu til aðila sem eru samábyrgir um löggjöfina eigi síðar en 31. desember 2015 um það hvort og hvernig kröfur varðandi lausafjárþekju sem mælt er fyrir um í sjötta hluta ættu að gilda um verðbréfafyrirtæki. Þar til það ákvæði tekur gildi ættu verðbréfafyrirtæki að lúta áfram landslögum aðildarríkjanna um kröfur varðandi lausafjárþekju. Hins vegar ættu verðbréfafyrirtæki að lúta kröfum um lausafjárþekjuhlutfall sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð á samstæðugrunni, þegar þau eru hluti af bankasamstæðu.
- 19) Lánastofnanir þurfa að skila skýrslu til lögbærra yfirvalda sinna um kröfur um lausafjárþekju eins og tilgreint er í smáatriðum í þessari reglugerð í samræmi við 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 20) Til þess að gefa lánastofnunum nægan tíma til að fara að ítarlegu kröfunum um lausafjárþekju að fullu ætti að innleiða þær í skrefum í samræmi við tímaáætlun sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, frá 60% hlutfalli að lágmarki frá 1. október 2015 sem hækkar í 100% 1. janúar 2018.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. BÁLKUR

#### LAUSAFJÁRÞEKJUHLUTFALL

*1. gr.*

#### Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur til að tilgreina nákvæmlega þær kröfur um lausafjárþekju sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

*2. gr.*

#### Gildissvið

1. Þessi reglugerð skal gilda um lánastofnanir sem sæta eftirliti samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (1).

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

2. Lánastofnanir skulu fara að þessari reglugerð á einingargrunni í samræmi við 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Lögbær yfirvöld geta fallið frá beitingu þessarar reglugerðar, í heild eða að hluta, á einingargrunni gagnvart lánastofnun í samræmi við 8. og 10. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um þar.
3. Ef samstæða samanstendur af einni eða fleiri lánastofnunum skal móðurstofnunin í Evrópusambandinu, stofnun sem er undir stjórn móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða stofnun sem er undir stjórn blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB uppfylla skyldurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð á samstæðugrunni í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og öll eftirfarandi ákvæði:
- a) ekki skal viðurkenna eignir í þriðja landi, sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. bálki og eru í eigu dótturfélags í þriðja landi, sem lausafjáreignir á samstæðugrunni ef þær teljast ekki lausafé samkvæmt landslögum þriðja landsins sem setur fram kröfurnar um lausafjárþekju,
  - b) lausafjárústreymi í dótturfyrirtæki í þriðja landi sem fellur, samkvæmt landslögum þess þriðja lands sem setur fram kröfurnar um lausafjárþekju, undir kröfur sem fela í sér hærra prósentuhlutfall en það sem tilgreint er í III. bálki skal falla undir samstæðuna í samræmi við þau hærri hlutföll sem tilgreind eru í landslögum þess þriðja lands,
  - c) innstreymi lausafjár í dótturfyrirtæki í þriðja landi sem fellur, samkvæmt landslögum þess þriðja lands sem setur fram kröfurnar um lausafjárþekju, undir kröfur sem fela í sér lægra prósentuhlutfall en það sem tilgreint er í III. bálki skal falla undir samstæðuna í samræmi við þau lægri hlutföll sem tilgreind eru í landslögum þess þriðja lands,
  - d) verðbréfafyrirtæki innan samstæðu skal falla undir 4. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni og 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skilgreininguna á lausafjáreignum, ústreymi og innstreymi lausafjár bæði á einingar- og samstæðugrunni; að öðru leyti en því sem tilgreint er í þessum lið skulu verðbréfafyrirtæki áfram lúta ítarlegum kröfum um lausafjárþekjuhutfall gagnvart verðbréfafyrirtækjum eins og mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkjanna á meðan þess er bedið að kröfur um lausafjárþekjuhutfall séu tilgreindar í samræmi við 508. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - e) fjárhæð innstremis frá sérhæfðum lánastofnunum á samstæðustigi sem um getur í 3. og 4. mgr. 33. gr. skal aðeins viðurkennd upp að þeirri fjárhæð ústreymis sem er til komin frá sama fyrirtæki.

### 3. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „eignir á stigi 1“: eignir sem eru afar auðseljanlegar og af mjög miklum útlánagæðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 2) „eignir á stigi 2“: eignir sem eru auðseljanlegar og með mikið lánshæfi eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Eignir á stigi 2 skiptast nánar í eignir á stigi 2A og 2B í samræmi við 2. kafla II. bóls þessarar reglugerðar,
- 3) „varaforði lauss fjár“: sú fjárhæð lausafjáreigna sem lánastofnun á í samræmi við II. bálk þessarar reglugerðar,
- 4) „gagnaskilagjaldmiðill“: gjaldmiðill sem notaður skal til að gera lögbærum yfirvöldum grein fyrir lausafjárstöðuliðum sem um getur í II. og III. bálki sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í samræmi við 1. mgr. 415. gr. þeirrar reglugerðar,
- 5) „krafa um eignþekju“: hlutfall eigna gagnvart skuldbindingum eins og það er ákvarðað í þágu endurbættis lánshæfis í tengslum við sértryggð skuldabréf í landslögum aðildarríkis eða þriðja lands,
- 6) „lítil og meðalstór fyrirtæki“: lítið og meðalstórt fyrirtæki eins og skilgreint er í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB <sup>(1)</sup>,
- 7) „nettó lausafjárústreymi“: fjárhæð sem fæst með því að draga innstreymi lausafjár lánastofnunar frá ústreymi hennar í samræmi við III. bálk þessarar reglugerðar,

<sup>(1)</sup> Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

- 8) „smásöluinnlán“: skuld við einstakling eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki ef viðkomandi myndi uppfylla skilyrði flokks smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáættu, sem og skuld við fyrirtæki sem telst hæft til þeirrar meðferðar sem um getur í 4. mgr. 153. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ef samanlögð innlán allra slíkra fyrirtækja á samstæðugrunni fara ekki yfir eina milljón evra,
- 9) „viðskiptavinur á fjármálamarkaði“: viðskiptavinur sem sinnir starfsemi, einni eða fleiri, sem talin er upp í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB sem meginstarfsemi sinni, eða er eitthvað af eftirtöldu:
- lánastofnun,
  - verðbréfafyrirtæki,
  - fjármálastofnun,
  - sérstakur verðbréfunaraðili,
  - sjóður um sameiginlega fjárfestingu,
  - lokaður fjárfestingarsjóður,
  - vátryggingafélag,
  - endurtryggingafélag,
  - eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði,
- 10) „einkafjárfestingarfélag“: fyrirtæki eða sjóður sem einstaklingur á eða er raunverulegur eigandi að eða hópur mjög tengdra einstaklinga, sem stofnað er eingöngu til að stýra eignum eigendanna og sinnir ekki neinni annari viðskipta-, iðnaðar- eða atvinnustarfsemi. Tilgangur einkafjárfestingarfélags getur verið stoðstarfsemi svo sem að skilja í sundur eignir eigenda frá heildareignum fyrirtækis, auðvelda flutning eigna innan fjölskyldu eða koma í veg fyrir að eignum sé skipt upp eftir andlát fjölskyldumeðlims, að því gefnu að það tengist þeim megintilgangi að stýra eignum eigendanna,
- 11) „álag“: skyndileg eða alvarlega versnandi greiðslugeta eða lausafjárstaða lánastofnunar vegna breytinga á markaðsaðstæðum eða sérstöku þáttum sem valda verulegri áhættu á því að lánastofnunin verði ófær um að uppfylla skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga innan næstu 30 almanaksdaga,
- 12) „verðbréfavéðlán“: veðtryggt útlán sem veitt eru viðskiptamönnum í því skyni að taka skuldsetta stöðu.

4. gr.

### Lausafjárþekjuhlutfall

1. Ítarleg krafa um lausafjárþekju í samræmi við 1. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal vera jöfn hlutfallinu milli varaforða lauss fjár lánastofnunar og nettó lausafjárúttreymis á 30 almanaksdaga löngu álagstímabili og skal gefin upp sem prósentu. Lánastofnanir skulu reikna lausafjárþekjuhlutfall sitt í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{varaforði lauss fjár}}{\text{nettó lausafjárúttreymi á 30 almanaksdaga löngu álagstímabili}} = \text{lausafjárþekjuhlutfall (\%)}$$

2. Lánastofnanir skulu viðhalda lausafjárþekjuhlutfalli sem er a.m.k. 100%.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta lánastofnanir breytt lausafjáreignum sínum í reiðufé til að mæta hreinu lausafjárúttreymi á meðan álagstímabil standa yfir, jafnvel þó að slík notkun lausafjáreigna geti orðið til þess að lausafjárþekjuhlutfall fari undir 100% á slíku tímabili.
4. Hvenær sem lausafjárþekjuhlutfall lánastofnunar hefur fallið eða ástæða er til að ætla að það falli niður fyrir 100% mörkin skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 414. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda. Þar til lausafjárþekjuhlutfallinu hefur aftur verið komið á það stig sem um getur í 2. mgr. skal lánastofnunin senda lögbæra yfirvaldinu skýrslu um lausafjárþekjuhlutfallið í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtuð. L 191, 28.6.2014, bls. 1).

5. Lánastofnanir skulu reikna út og fylgjast með lausafjárþekjuhlutfalli sínu í gagnaskilagjaldmiðlinum og í hverjum gjaldmiðli fyrir sig sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, auk skuldbindinga í reikningsskilagjaldmiðlinum. Lánastofnanir skulu senda lögbæra yfirvaldi sínu skýrslu um lausafjárþekjuhlutfallið í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014.

5. gr.

### Álagssviðsmyndir fyrir lausafjárþekjuhlutfallið

Hægt er að líta á eftirfarandi sviðsmyndir sem vísbendingar um aðstæður þar sem lánastofnun getur talist vera undir álagi:

- a) niðurfærsla verulegs hluta smásöluinnlána hennar,
- b) tap að hluta eða í heild á getu til ótryggðrar heildsölu fjármögnunar, þ.m.t. heildsöluinnlán og aðrar skilyrtar fjármögnunarleiðir s.s. sammingsbundnar eða ósammingsbundnar lausafjárlnur eða lánalínur,
- c) tap að hluta eða í heild á tryggðri skammtíma fjármögnun,
- d) viðbótarústreymi lausafjár vegna lækkunar á lánshæfiseinkunum um allt að þrjú þrep,
- e) aukinn óstöðugleiki á markaði sem hefur áhrif á virði veða eða gæði þeirra eða sem skapar þörf fyrir viðbótartryggingu,
- f) ófyrirséður ádráttur lausafjár- eða lánafyrirgreiðslu,
- g) möguleg skylda til endurkaupa skulda eða til efnda ósammingsbundinna skuldbindinga.

## II. BÁLKUR

### VARAFORÐI LAUSS FJÁR

#### 1. KAFLI

#### *Almenn ákvæði*

6. gr.

### Samsetning varaforða lauss fjár

Til þess að geta talist hluti af varaforða lauss fjár lánastofnunar skulu lausafjäreignir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) almennu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. gr.,
- b) rekstrarlegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 8. gr.,
- c) hæfisviðmiðanirnar fyrir flokkun sem eignir á stigi 1 eða 2 í samræmi við 2. kafla.

7. gr.

### Almennar kröfur fyrir lausafjäreignir

1. Til þess að geta talist lausafjäreignir skulu eignir lánastofnunar uppfylla skilyrði 2.–6. mgr.
2. Eignirnar skulu vera eign, réttindi, krafa eða hagsmunir sem lánastofnunin á og vera lausar við allar kvaðir. Í þeim tilgangi skal eign teljast kvaðalaus þegar lánastofnunin sætir ekki lagalegum, sammingsbundnum, eftirlitstengdum eða annarskonar takmörkunum sem koma í veg fyrir að hún innleysi, selji, flytji, framselji eða almennt ráðstafi slíkri eign með virkri beinni sölu eða endurhverfum verðbréfa kaupum á næstu 30 almanaksdögum. Eftirfarandi eignir skulu teljast kvaðalaugar:
  - a) eignir sem eru hluti af safni sem eru aðgengilegar til tafarlausrar notkunar sem veðtrygging til að afla lánastofnuninni aukinnar fjármögnunar með sammingsbundnum lánalínum sem þó á enn eftir að fjármagna. Þar á meðal skulu vera eignir sem lánastofnun leggur inn hjá miðlægri stofnun í samstarfsneti eða stofnanaverndarkerfi. Lánastofnanir skulu gera ráð fyrir að eignir í eignasafni séu bundnar kvöðum í röð eftir seljanleika á grundvelli flokkunar seljanleika sem sett er fram í 2. kafla, og byrja á eignum sem ekki geta talist hæfar til að vera hluti af varaforða lauss fjár,
  - b) eignir sem lánastofnunin hefur fengið sem tryggingu til að milda útlánaáhættu í öfugum endurhverfum viðskiptum eða fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og lánastofnunin getur ráðstafað.



3. Eignirnar skulu ekki hafa verið gefnar út af lánastofnuninni sjálfri, móðurfélagi hennar, öðrum en opinberum aðila sem er ekki lánastofnun, dótturfélögum hennar eða öðru dótturfélagi móðurfélags hennar eða sérstökum verðbréfunaraðila sem lánastofnunin hefur nán tengsl við.
4. Eignirnar skulu ekki hafa verið gefnar út af neinum af eftirfarandi:
  - a) annarri lánastofnun, nema útgefandinn sé opinber aðili sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr. og í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr., eignin er sértryggt skuldabréf sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr. og c- og d-lið 1. mgr. 11. gr. eða eignin tilheyrir flokki sem lýst er í e-lið 1. mgr. 10. gr.
  - b) verðbréfafyrirtæki,
  - c) váttryggingafélag,
  - d) endurtryggingafélag,
  - e) eignarhaldsfélagi á fjármálasviði,
  - f) blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi,
  - g) einhverjum öðrum aðila sem hefur með höndum eitt eða fleiri af þeim verkefnum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB. Að því er varðar þessa grein, skulu sérstakir verðbréfunaraðilar ekki teljast í hópi þeirra aðila sem um getur í þessum lið.
5. Hægt skal vera að meta virði eignanna á grundvelli mjög útbreiddra og mjög aðgengilegra markaðsverða. Þegar ekki er um að ræða verð sem byggist á markaði verður að vera hægt að meta verð eignanna á grundvelli einfaldrar formúlu þar sem notuð eru opinber gögn sem eru aðgengileg öllum og veltur ekki að verulegu leyti á sterkum ályktunum.
6. Eignirnar skulu skráðar á viðurkenndum verðbréfamarkaði eða vera seljanlegar með virkri beinni sölu eða með einföldum endurhverfum viðskiptum á almennt viðurkenndum mörkuðum fyrir endurhverf viðskipti. Meta skal þessi viðmið sérstaklega fyrir hvern markað. Eign sem tekin er til viðskipta á skipulögðum vettvangi sem er ekki viðurkenndur verðbréfamarkaður, annaðhvort í aðildarríki eða í þriðja landi, skal aðeins talin lausafjäreign þegar viðskiptavettvangurinn veitir aðgang að virkum og stórum markaði fyrir beina sölu eigna. Lánastofnunin skal taka tillit til eftirfarandi lágmarksviðmiðana til að meta hvort viðskiptavettvangur veiti aðgang að virkum og stórum markaði að því er þessa málsgrein varðar:
  - a) eldri gagna um breidd og dýpt markaðar sem sannast af lágu verðbili kaup- og sölutilboða, mikilli daglegri veltu og miklum fjölda og fjölbreytileika markaðsaðila,
  - b) að til staðar séu traustir markaðsinnviðir.
7. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. og 6. mgr. skulu ekki eiga við um:
  - a) peningaseðla og mynt sem um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr.,
  - b) áhættuskuldbindingar vegna seðlabanka sem um getur í b- og d-lið 1. mgr. 10. gr. og b-lið 1. mgr. 11. gr.,
  - c) sammingsbundna lausafjáfyrirgreiðslu til takmarkaðra nota sem um getur í d-lið 1. mgr. 12. gr.,
  - d) innstæður og aðra fjármögnun í samstarfsneti og stofnanaverndarkerfi sem um getur í 16. gr.

8. gr.

### **Rekstrarkröfur**

1. Lánastofnanir skulu hafa stefnur og takmarkanir til að tryggja að eignarhlutdeildir í lausafjäreignum, sem mynda varaförða lauss fjár þeirra séu hæfilega dreifðar öllum stundum. Í þeim tilgangi skulu lánastofnanir taka tillit til hve mikil dreifingin er milli mismunandi flokka lausafjäreigna og innan sama flokks lausafjäreigna sem um getur í 2. kafla í þessum bálki og allra annarra viðeigandi þátta sem stuðla að dreifingu, svo sem tegunda útgefenda, mótaðila eða landfræðilegrar staðsetningar útgefenda eða mótaðila.

Lögbær yfirvöld geta sett tilteknar takmarkanir eða kröfur um eignarhlutdeildir lánastofnunar í lausafjäreignum til að tryggja að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í þessari málsgrein. Slíkar takmarkanir eða kröfur skulu hins vegar ekki gilda um:

- a) eftirfarandi flokka eigna á stigi 1:
  - i. peningaseðla og mynt sem um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr.,
  - ii. áhættuskuldbindingar vegna seðlabanka sem um getur í b- og d-lið 1. mgr. 10. gr.,

- iii. eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af fjölbjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum sem um getur í g-lið 1. mgr. 10. gr.,
- b) flokka eigna á stigi 1 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkis- eða héraðsstjórnunum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum sem um getur í c- og d- lið 1. mgr. 10. gr., að því tilskildu að lánastofnunin eigi viðkomandi eign til að ná yfir hreint lausafjárústreymi undir álagi í gjaldmiðli aðildarríkisins eða þriðja lands eða eignin er gefin út af ríkis- eða héraðsstjórnunum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum í heimalandi lánastofnunarinnar,
- c) sammingsbundna lausafjáfyrirgreiðslu til takmarkaðra nota sem um getur í d-lið 1. mgr. 12. gr.

2. Lánastofnanir skulu hafa greiðan aðgang að lausafjäreignum sínum og geta breytt þeim í reiðufé hvenær sem er á 30 almanaksdaga löngu álagstímabili með beinni sölu eða endurhverfum viðskiptum á almennt viðurkenndum mörkuðum fyrir endurhverf viðskipti. Lausafjäreign skal teljast mjög aðgengileg lánastofnun þegar engar lagalegar eða aðrar hömlur hindra lánastofnun í að breyta slíkum eignum í reiðufé tímanlega.

Eignir notaðar til að endurbæta lánshæfi vegna samsettra fjármálagerninga eða til að mæta rekstrarkostnaði lánastofnana skulu ekki teljast mjög aðgengilegar lánastofnunum.

Eignir í þriðja landi þar sem til staðar eru takmarkanir á frjálsu framsali skulu teljast mjög aðgengilegar einungis að því marki sem lánastofnunin notar þær eignir til að mæta útstreymi lausafjár í því þriðja landi. Eignir í óskiptanlegum gjaldmiðli skulu teljast mjög aðgengilegar einungis að því marki sem lánastofnunin notar þær eignir til að mæta útstreymi lausafjár í þeim gjaldmiðli.

3. Lánastofnanir skulu tryggja að lausafjäreignir þeirra séu undir eftirliti sérstakrar lausafjárstýringardeildar innan lánastofnunarinnar. Sýna skal lögbæra yfirvaldinu fram á að farið sé að þessari kröfu annaðhvort með því að:

- a) láta lausafjäreignirnar í aðskilið eignasafn undir beinni stjórn lausafjárstýringardeildar og í þeim eina tilgangi að nýta þær sem varasjóð, þ.m.t. á álagstímum,
- b) koma á innri kerfum og stjórnækjum til þess að veita lausafjárstýringardeildinni skilvirka rekstrarstjórn til að breyta lausafjäreignum í reiðufé hvenær sem er á 30 almanaksdaga álagstímabilinu og sækja fé í varasjóðinn án þess að það brjóti beint í bága við fyrirbyggjandi viðskipta- eða áhættustýringarstefnu. Einkum skal ekki telja eign til varaförða lauss fjár ef sala hennar, án þess að önnur komi í staðinn, á 30 daga álagstímabilinu, myndi fjarlægja áhættuvörn sem myndaði opna áhættustöðu sem væri umfram innri mörk lánastofnunarinnar,
- c) samsetning valkosta í a- og b-lið að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið hafi metið þá samsetningu viðunandi.

4. Lánastofnanir skulu reglulega, og a.m.k. einu sinni á ári, breyta hæfilega dæmigerðu úrtaki lausafjäreigna sinna í reiðufé með beinni sölu eða einföldum endurhverfum verðbréfakaupum á almennt viðurkenndum endurkaupamarkaði. Lánastofnanir skulu þróa ferla til að ráðstafa úrtaki lausafjäreigna sem duga til að:

- a) rannsaka aðgang þessara eigna að markaði og gagnsemi þeirra,
- b) athuga hvort aðferðir lánastofnunarinnar til að koma eignunum tímanlega í verð séu skilvirkar,
- c) lágmarka áhættuna á því að senda markaðnum neikvæð merki vegna þess að lánastofnunin sé að breyta lausafé sínu í reiðufé á álagstímabili.

Kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skulu ekki gilda um eignir á stigi 1 sem um getur í 10. gr., aðrar en sérbyggð skuldabréf af mjög miklum gæðum, sammingsbundna lausafjáfyrirgreiðslu til takmarkaðra nota sem um getur í d-lið 1. mgr. 12. gr. eða innlán og aðra lausafjáfjármögnun í samstarfsneti og stofnanaverndarkerfi sem um getur í 16. gr.

5. Kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lánastofnanir verji sig gegn markaðsáhættu sem tengist lausafjäreignum þeirra að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) lánastofnunin kemur á fót viðeigandi innra skipulagi í samræmi við 2. og 3. mgr. til að tryggja að þær eignir haldi áfram að vera mjög aðgengilegar og undir stjórn lausafjárstýringarsviðsins,
- b) tekið er tillit til hreins útstreymis og innstreymis lausafjár, sem myndi eiga sér stað ef um snemmosun áhættuvarnar er að ræða, í mati á viðkomandi eign í samræmi við 9. gr.

6. Lánastofnanir skulu tryggja að gjaldmiðlasamsetning lausafjäreigna þeirra sé í samræmi við gjaldmiðlasamsetningu nettó lausafjárúttreymis þeirra. Hins vegar, þegar við á, geta lögbær yfirvöld krafist lánastofnanir um að takmarka gjaldmiðlamisvægi með því að setja takmörk á hlutföll nettó lausafjárúttreymis í gjaldmiðli sem mæta má á álagstímabili með því að eiga lausafjäreignir í öðrum gjaldmiðli. Þessari takmörkun er aðeins hægt að beita fyrir gagnaskilgjaldmiðilinn eða gjaldmiðil sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar umfang takmörkunar á gjaldmiðlamisvægi, sem hægt er að beita í samræmi við þessa málsgrein, er ákveðið skulu lögbær yfirvöld a.m.k. taka tillit til:

- a) hvort lánastofnunin geti gert eitthvað af eftirfarandi:
  - i. notað lausafjäreignir til að afla lausafjár í gjaldmiðli og lögsögu þar sem nettó lausafjárúttreymi á sér stað,
  - ii. skipt á gjaldmiðlum og aflað fjármuna á gjaldeyrismörkuðum við álagsaðstæður í samræmi við 30 daga álagstímabilið sem sett er fram í 4. gr.,
  - iii. breytt umframlausafé úr einum gjaldmiðli í annan og flutt úr einni lögsögu í aðra og milli lögaðila innan samstæðu sinnar við álagsaðstæður í samræmi við 30 almanaksdaga langt álagstímabil sem sett er fram í 4. gr.,
- b) áhrifa skyndilegra, neikvæðra gengisbreytinga á fyrirliggjandi stöður sem einkennast af misræmi og virkni gengisáhattuvarna sem þegar eru til staðar.

Takmarkanir á gjaldmiðlamisvægi sem komið er á í samræmi við þessa málsgrein skulu teljast sérstakar lausafjárkröfur eins og getur í 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

9. gr.

### Virðismat á lausafjäreignum

Að því er varðar útreikning á lausafjárþekjuhlutfalli skal lánastofnun nota markaðsvirði lausafjäreigna sinna. Markaðsvirði lausafjäreigna skal lækkað í samræmi við frádrag sem sett er fram í 2. kafla og í b-lið 5. mgr. 8. gr. þegar við á.

2. KAFLI

### Lausafjäreignir

10. gr.

### Eignir á stigi 1

1. Eignir á stigi 1 skulu aðeins taka til eigna sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka og sem uppfylla í hverju tilviki hæfisviðmiðunina sem mælt er fyrir um hér:

- a) myntir og peningaseðlar,
- b) eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum:
  - i. eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,
  - ii. eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af seðlabönkum þriðju landa, að því tilskildu að tilnefnt, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki úthluti áhættuskuldbindingum gagnvart seðlabankanum eða ríkissjóði viðkomandi ríkis lánshæfismati sem er a.m.k. á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 2. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iii. fé lánastofnunar á bindireikningi í seðlabanka sem um getur í i. og ii. lið að því tilskildu að lánastofnuninni sé leyft að taka út af bindireikningnum á hvaða tíma sem er á meðan álagstímabil varir og að skilyrðin fyrir því að taka féð út með slíkum hætti hafi verið skilgreind í samkomulagi milli viðeigandi lögbærs yfirvalds og Seðlabanka Evrópu eða seðlabankans,
- c) eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af eftirfarandi ríkissjóði eða héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum:
  - i. ríkissjóði aðildarríkis,
  - ii. ríkissjóði þriðja lands, að því tilskildu að tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hafi úthlutað honum lánshæfismati sem er a.m.k. á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 2. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

- iii. héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríki, að því tilskildu að farið sé með þær eins og áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði aðildarríkisins í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iv. héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í þriðja landi af þeirri tegund sem um getur í ii. lið, að því tilskildu farið sé með þær eins og áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði þriðja lands í samræmi við 4. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - v. opinberar stofnanir að því tilskildu að farið sé með þær eins og áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði aðildarríkis eða einni af héraðsstjórnunum eða staðaryfirvöldunum sem um getur í iii. lið í samræmi við 4. mgr. 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- d) eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkissjóði eða seðlabanka þriðja lands sem tilnefnt, utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki úthlutar ekki lánshæfismati á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 2. mgr. 114. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013, að því tilskildu að í því tilviki megi lánastofnunin einungis nota eignirnar sem eignir á stigi 1 til að mæta nettó lausafjárútsreymi á álagstíma í sama gjaldmiðli og eignin er tilgreind í.

Þegar eignin er ekki gefin upp í innlendum gjaldmiðli þriðja lands, getur lánastofnunin einungis fært eignina sem eign á stigi 1 upp að þeirri fjárhæð nettó lausafjárútsreymis lánastofnunarinnar á álagstíma í þeim erlenda gjaldmiðli sem samsvarar starfsemi hennar í lögsögunni þar sem lausafjárahættan er tekin,

- e) eignir útgefnar af lánastofnunum sem uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:
- i. útgefandinn er lánastofnun sem ríkisstjórn aðildarríkis eða héraðsstjórn eða staðaryfirvald aðildarríkis stofnar eða kemur á fót, ríkissjóðnum eða staðaryfirvaldinu ber lagaleg skylda til að vernda fjárhagslegan grundvöll lánastofnunarinnar og viðhalda fjárhagslegum lífvænleika hennar á meðan hún er starfrækt og farið er með allar áhættuskuldbindingar þessara héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eftir því sem við á, sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði aðildarríkisins í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - ii. lánastofnunin er stuðningslánveitandi, sem í skilningi þessarar greinar skal merkja lánastofnun sem hefur þann tilgang að greiða fyrir opinberum stefnum Sambandsins eða ríkisstjórnar eða héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds í aðildarríki aðallega með veitingu stuðningslána til aðila, sem ekki tengjast samkeppni og starfa ekki í hagnaðarskyni, að því tilskildu að a.m.k. 90% lánanna sem hún veitir séu tryggð beint eða óbeint af ríkissjóði eða héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og farið sé með allar áhættuskuldbindingar þessara héraðsstjórna eða staðaryfirvalda, eftir því sem við á, sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði aðildarríkisins í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- f) áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
- i. þær eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfylla kröfur til að njóta meðferðar sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - ii. áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum í tryggingasafninu uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 129. gr. og í síðustu undirgrein 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iii. lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum og útgefandinn uppfyllir gagnsæiskröfurnar sem um getur í 7. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iv. stærð útgáfunnar er a.m.k. 500 milljón evrur (eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli),
  - v. sértryggðum skuldabréfum er úthlutað lánshæfismati af tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 1. lánshæfisþrepi, í samræmi við 4. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samsvarandi lánshæfisþrepi ef um er að ræða skammtímalánshæfismat eða, ef ekki er um að ræða lánshæfismat, þau fái 10% áhættuvog í samræmi við 5. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar,
  - vi. tryggingasafnið uppfyllir alltaf kröfu um eignaþekju sem er a.m.k. 2% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfunum vegna sértryggðu skuldabréfanna,
- g) eignir sem eru hluti af kröfum á eða eru tryggðar af fjölþjóðlegum þróunarbönkum og alþjóðastofnunum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Markaðsvirði sértryggðra skuldabréfa af mjög miklum gæðum sem um getur í f-lið 1. mgr. skal sæta frádragi sem nemur a.m.k. 7%. Fyrir utan það sem tilgreint er í tengslum við hluti og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu í a- og b-lið 2. mgr. 15. gr., er ekki krafist frádrags af virði þeirra 1. stigs eigna sem eftir eru.

11. gr.

### Eignir á stigi 2A

1. Eignir á stigi 2A skulu aðeins taka til eigna sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka og sem uppfylla í hverju tilviki hæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um hér:

- a) eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum í aðildarríki, þar sem áhættuskuldbindingar vegna þeirra fá 20% áhættuvog í samræmi við 1. og 5. mgr. 115 gr. og 1., 2. og 3. mgr. 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á,
- b) eignir sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkissjóði eða seðlabanka í þriðja landi, eða af héraðsstjórn, staðayfirvaldi eða opinberum aðila í þriðja landi, að því tilskildu að þær fái 20% áhættuvog í samræmi við 2. mgr. 114. gr., 115. eða 116. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á,
- c) áhættuskuldbindingar í formi hágæða sértryggðra skuldabréfa sem skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
  - i. þær eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfylla kröfur til að njóta meðferðar sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - ii. áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum í tryggingasafni uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iii. lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum og útgefandinn uppfylla gagnsæiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 129 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iv. stærð útgáfunnar er a.m.k. 250 milljón evrur (eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli),
  - v. sértryggðu skuldabréfin hafa fengið lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 2. þrepi útlánagæða, í samræmi við 4. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samsvarandi þrepi útlánagæða ef um er að ræða skammtímalánshæfismat eða, ef lánshæfismat hefur ekki verið gert fá þau 20% áhættuvog í samræmi við 5. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar,
  - vi. tryggingasafnið uppfyllir alltaf kröfur um eignaþekju sem er a.m.k. 7 % umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfunum vegna sértryggðu skuldabréfanna. Hins vegar, þegar sértryggð skuldabréf, sem samkvæmt lánshæfismati eru á 1. þrepi útlánagæða, uppfylla ekki lágmarksstærð útgáfu fyrir sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum í samræmi við iv. lið f-liðar 1. mgr. 10. gr. en uppfylla kröfur fyrir hágæða skuldabréf sem mælt er fyrir um í i., ii., iii. og iv. lið, skulu þau hins vegar að lágmarki háð 2% eignaþekjukröfu,
- d) áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa sem lánastofnanir gefa út í þriðju löndum, sem skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
  - i. þær eru í formi sértryggðra skuldabréfa í samræmi við landslög þriðja lands, sem verður að skilgreina þær sem skuldabréf sem lánastofnun gefur út, eða dótturfélag sem er í fullri eigu lánastofnunarinnar sem tryggir útgáfuna, og eru tryggðar með eignasafni, sem skal veita handhöfum skuldabréfsins beinan aðgang að endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta á grundvelli forgangsréttar komi til vanefnda útgefanda,
  - ii. útgefandinn og sértryggðu skuldabréfin sæta samkvæmt landslögum þriðja lands sérstöku opinberu eftirliti sem er ætlað að vernda handhafa skuldabréfa og eftirlits- og reglufyrirkomulag þriðja landsins verður að vera a.m.k. jafngilt því fyrirkomulagi sem viðhaft er í Sambandinu,
  - iii. sértryggð skuldabréf eru varin með eignasafni af einni eða fleiri tegundum sem lýst er í b-lið, i. lið d-liðar, i. lið f-liðar eða g-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar safnið samanstendur af lánnum sem tryggð eru með fasteignum verður að uppfylla skilyrði 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - iv. áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum í tryggingasafni uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 129. gr. og í síðustu undirgrein 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - v. lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum og útgefandinn uppfylla gagnsæiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 129 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

- vi. sértryggðu skuldabréfin hafa fengið lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 4. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samsvarandi þrepi útlánagæða ef um er að ræða skammtímalánshæfismat eða, ef lánshæfismat hefur ekki verið gert fá þau 10% áhættuvog í samræmi við 5. mgr. 129. gr. þeirrar reglugerðar og
  - vii. tryggingasafnið uppfyllir alltaf kröfur um eignaþekju sem er a.m.k. 7 % umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfum vegna sértryggðu skuldabréfanna. Hins vegar, þegar stærð útgáfu sértryggðu skuldabréfanna er 500 milljón evrur (eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli) eða meira, skulu í staðinn gilda um þau lágmarks 2% eignaþekja,
- e) fyrirtækjaskuldabréf sem uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
- i. þau hafa fengið lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 122. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða samsvarandi þrepi útlánagæða ef um er að ræða skammtímalánshæfismat,
  - ii. stærð útgáfu verðbréfanna er a.m.k. 250 milljón evrur (eða jafngild upphæð í innlendum gjaldmiðli),
  - iii. hámarkslífítmabil verðbréfa við útgáfu er 10 ár,
2. Markaðsvirði sérhverrar eignar á stigi 2A skal sæta frádragi sem nemur a.m.k. 15%.

12. gr.

### Eignir á stigi 2B

1. Eignir á stigi 2B skulu aðeins taka til eigna sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka og sem uppfylla í hverju tilviki hæfisviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um hér:
  - a) áhættuskuldbindingar í formi eignavarinna verðbréfa sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 13. gr.,
  - b) fyrirtækjaskuldabréf sem uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
    - i. þau hafa fengið lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða, í samræmi við 122. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða samsvarandi þrepi útlánagæða ef um er að ræða skammtímalánshæfismat,
    - ii. stærð útgáfu verðbréfanna er a.m.k. 250 milljón evrur (eða jafngild upphæð í innlendum gjaldmiðli),
    - iii. hámarkslífítmabil verðbréfa við útgáfu er 10 ár,
  - c) hlutabréf, að því tilskildu þau uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
    - i. þau eru hluti af stórrí hlutabréfavísitölu í aðildarríki eða þriðja landi, eins og hún er auðkennd sem slík í þessum lið af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki eða viðkomandi opinberu yfirvaldi í þriðja landi. Þegar ekki er um ákvörðun lögbærs yfirvalds eða opinbers yfirvalds að ræða í tengslum við stórar hlutabréfavísitölur, skulu lánastofnanir líta á verðbréfavísitölu sem er samsett úr leiðandi félögum í viðkomandi lögsögu sem slíka verðbréfavísitölu,
    - ii. þau eru gefin upp í gjaldmiðli heimaaðildarríkis lánastofnunarinnar eða, ef þau eru gefin upp í öðrum gjaldmiðli, þau teljast aðeins vera eignir á stigi 2B upp að þeirri fjárhæð sem þarf til að mæta nettó lausafjárúttreymsi við álagstaðstæður í þeim gjaldmiðli eða þeirri lögsögu þar sem lausafjáráhættan er tekin og
    - iii. sýnt hefur verið fram á að þau að séu áreiðanleg sem lausafé hvenær sem er, þ.m.t. á álagstímum. Þessari kröfu skal talið fullnægt þegar lækkan á verði bréfanna var ekki umfram 40% eða hækkun á frádragi ekki umfram 40 prósentustig á 30 almanaksdaga löngu álagstímatímabili, eftir því sem við á, og
  - d) sammingsbundnar lausafjárfyrirgreiðslur til takmarkaðra nota sem seðlabanki Evrópu, seðlabanki aðildarríkis eða seðlabanki þriðja lands geta veitt, að því tilskildu að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. séu uppfylltar,
  - e) áhættuskuldbindingar í formi hágæða sértryggðra skuldabréfa sem skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
    - i. þær eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfylla kröfur til að njóta meðferðar sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
    - ii. lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðum skuldabréfum uppfyllir gagnsæiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 129 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

- iii. útgefandi sértryggðra skuldabréfa gerir þær upplýsingar sem vísað er til í a-lið 7. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 aðgengilegar fjárfestum a.m.k. ársfjórðungslega,
  - iv. stærð útgáfunnar er a.m.k. 250 milljón evrur (eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli),
  - v. sértryggð skuldabréf eru einungis tryggð með eignum sem vísað er til í a-lið, i. lið d-liðar og e-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - vi. safn undirliggjandi eigna samanstendur eingöngu af áhættuskuldbindingum sem fá 35% áhættuvog eða lægri skv. 125. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vegna útlánaáhættu,
  - vii. tryggingasafnið uppfyllir alltaf kröfu um eignaþekju sem er a.m.k. 10% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfunum vegna sértryggðu skuldabréfanna,
  - viii. útgáfulánastofnunin verður að birta upplýsingar mánaðarlega um að tryggingasafnið uppfylli 10% eignaþekjukröfuna,
- f) að því er varðar lánastofnanir sem í samræmi við stofnsamþykktir sínar geta ekki, af trúarlegum ástæðum, átt vaxtaberandi eignir, eignir sem bera ekki vexti er mynda kröfu á eða eru tryggðar af seðlabönkum, eða af ríkisstjórn eða seðlabanka þriðja lands, eða af héraðsstjórn, staðaryfirvaldi eða opinberum aðila í þriðja landi, að því tilskildu að utanaðkomandi láns-hæfismatsfyrirtæki hafi úthlutað þessum eignum láns-hæfismati á a.m.k. 5. þrepi útlánagæða, í samræmi við 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða á samsvarandi útlánagæðaþrepi ef um er að ræða skammtímaláns-hæfismat.
2. Markaðsvirði allra eigna á stigi 2B skal sæta eftirfarandi lágmarks frádragi:
- a) viðeigandi frádrag sem sett er fram í 14. mgr. 13. gr. fyrir verðbréfanir á stigi 2B,
  - b) 50% frádrag fyrir fyrirtækjaskuldabréf sem um getur í b-lið 1. mgr.,
  - c) 50% frádrag fyrir hluti sem um getur í c-lið 1. mgr.,
  - d) 30% frádrag fyrir sértryggð hlutabréf eða útgáfur sem um getur í e-lið 1. mgr.,
  - e) 50% frádrag fyrir eignir sem ekki eru vaxtaberandi sem um getur í f-lið 1. mgr.

3. Að því er varðar lánastofnanir sem í samræmi við stofnsamþykktir sínar geta ekki, af trúarlegum ástæðum, átt vaxtaberandi eignir, getur lögbæra yfirvaldið heimilað að vikið sé frá ii. og iii. lið b-liðar 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að sannað sé að ekki sé nægilegt framboð á vaxtalausum eignum til að uppfylla þessar kröfur og viðkomandi vaxtalausar eignir séu nægilega seljanlegar á einkamörkuðum.

Við ákvörðun á því hvort eignir sem ekki eru vaxtaberandi séu nægilega auðseljanlegar í merkingu fyrstu undirgreinar skal lögbært yfirvald taka eftirfarandi til athugunar:

- a) tiltæk gögn að því er varðar seljanleika þeirra á markaði, þ.m.t. umfang viðskipta, verðbil kaup-/sölutilboða, verðflökt og verðáhrif og
- b) aðra þætti sem skipta máli varðandi seljanleika þeirra, þ.m.t. söguleg gögn um breidd og dýpt markaðarins fyrir þessar vaxtalausar eignir, fjöldi og fjölbreytileiki þátttakenda á markaðnum og hvort til staðar séu traustir markaðsinnviðir.

13. gr.

#### Verðbréfun á stigi 2B

1. Áhættuskuldbindingar í formi eignavarinna verðbréfa sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr. skulu teljast verðbréfun á stigi 2B þegar þær uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. til 14. mgr.

2. Verðbréfuð staða og áhættuskuldbindingar sem eru undirliggjandi stöðunni skulu uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
- a) tilnefnt utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki hefur gefið stöðunni lánshæfismat sem er a.m.k. á 1. þrepi útlánagæða, í samræmi við 251. eða 261. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða samsvarandi þrepi útlánagæða ef ekki er um að ræða skammtímalánshæfismat,
  - b) staðan er í efsta áhættulagi eða áhættulögum verðbréfunarinnar og er ávallt með hæsta stig forgangs á meðan viðskiptin vara. Í þessum tilgangi skal áhættulag álitid efst ef áhættulagið er, eftir afhendingu tilkynningar um fullnustu og, eftir atvikum, tilkynningu um gjaldfellingu, ekki undirskipað öðrum áhættulögum sömu verðbréfunarviðskipta eða –fyrirkomulags að því er varðar móttöku höfuðstóls- og vaxtagreiðslna, án þess að tekið sé tillit til væntanlegra fjármuna samkvæmt vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamningum, þóknana eða annarra svipaðra greiðslna í samræmi við 261. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - c) sérstakur verðbréfunaraðili, í skilningi 66. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, hefur aflað hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga með þeim hætti sem er fullnustuhæfur gagnvart sérhverjum þriðja aðila og utan seilingar seljandans (útgefanda, bakhjarls eða upphaflegs lánveitanda) og kröfuhafa þeirra, þ.m.t. þegar um er að ræða ógjaldfærni seljandans,
  - d) framsal undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaka verðbréfunaraðilans má ekki falla undir neinar strangar endurgreiðslukröfur í lögsögunni þar sem seljandinn (upphafsaðili, bakhjarl eða upphaflegur lánveitandi) er skráður. Þetta nær yfir, en er ekki takmarkað við, ákvæði um að skiptastjóri seljandans (upphafsáðilans, bakhjarlsins eða upphaflega lánveitandans) geti ógilt söluna á undirliggjandi áhættuskuldbindingum einvörðungu á grundvelli þess að hún var gerð innan ákveðins tímabils fyrir yfirlýsinguna um ógjaldfærni seljandans eða ákvæði um að sérstakur verðbréfunaraðili geti eingöngu komið í veg fyrir slíka ógildingu ef hann getur sannað að honum hafi ekki verið ógjaldfærni seljandans ljós á þeim tíma sem salan fór fram,
  - e) um umsýslu undirliggjandi áhættuskuldbindinga gildir þjónustusamningur sem inniheldur ákvæði um samfellda þjónustu til að tryggja, að lágmarki, að vanskil eða ógjaldfærni þjónustuveitandans leiði ekki til þess að þjónustan falli niður,
  - f) skjölunin sem stýrir verðbréfuninni inniheldur ákvæði um samfellu sem tryggja, að lágmarki, að mótaðilum í afleiðu og lausafjárveitendum sé, eftir atvikum, skipt út við vanskil eða ógjaldfærni þeirra,
  - g) verðbréfaða staðan er tryggð með eignasafni einsleitra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, sem allar tilheyra eingöngu einum af eftirfarandi undirflokkum, eða með eignasafni einsleitra undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem samþætta húsnæðislán sem um getur í i. og ii. lið:
    - i. húsnæðislán tryggð með veði á fyrsta veðrétti sem veitt er einstaklingum til kaupa á aðalheimili þeirra, að því tilskildu að annað eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:
      - lánin í eignasafninu uppfylla að meðaltali veðhlutfallskröfuna sem mælt er fyrir um í i. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (EBS) nr. 575/2013,
      - landslög aðildarríkisins þar sem lánin voru veitt kveða á um takmörkun á fjárhæð húsnæðisláns sem lántaki getur fengið að láni m.t.t hlutfalls skulda og tekna, og að aðildarríki hafi tilkynnt þessi lög til framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar; takmörkunin á hlutfalli skulda og tekna er reiknuð út frá vergum árstekjum lántakans, að teknu tilliti til skattaskuldbindinga og annarra skuldbindinga lántakans og áhættunnar af breytingum á vöxtum á lánstímanum; fyrir hvert húsnæðislán í eignasafninu getur hlutfall vergra tekna lántakans sem hægt er að nota til að standa í skilum á láninu, þ.m.t. á vöxum, höfuðstóli og til greiðslu gjalda, ekki farið yfir 45%,
    - ii. fulltryggðum húsnæðislánnum sem um getur í e-lið 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því tilskildu að lánin uppfylli veðtryggingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein og meðaltal veðhlutfallskröfunnar sem mælt er fyrir um í i. lið d-liðar 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
    - iii. viðskiptalánnum, leigusamningum og lánsheimildum til félaga sem komið er á stofn í aðildarríki til að fjármagna fjárfestingarútgjöld eða viðskiptastarfsemi aðra en kaup eða uppbyggingu á atvinnuhúsnæði, að því tilskildu að a.m.k. 80% af lántökum í eignasafninu með tilliti til jafnvægis eignasafnsins séu lítil og meðalstór fyrirtæki á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út, og að enginn af lántökunum sé stofnun eins og skilgreint er í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,



- iv. bílalánum og leigusamningum til lántaka eða leigutaka eða íbúa í aðildarríki. Í þeim tilgangi skulu þau taka til bílalána og leigusamninga fyrir fjármögnun á vélknúnum ökutækjum eða tengivögnum eins og skilgreint er í 11. og 12. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, dráttarvéllum fyrir landbúnað eða skógrækt eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB, bifhjólum og bifþríhjólum eins og skilgreint er í b- og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB, eða ökutækjum á beltum eins og um getur í c-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Slík lán eða leigusamningar geta innihaldið viðbótartryggingar og þjónustuvörur eða aukavarahluti, og ef um er að ræða leigusamninga, hrakvirði leigðu ökutækjanna. Öll lán og leigusamningar í safninu skulu tryggð með fyrsta veðrétti eða tryggingu fyrir ökutækinu eða viðeigandi tryggingu í þágu sérstaka verðbréfunaraðilans, svo sem eignarréttarfyrirvarar;
  - v. lánum og lánsheimildum til einstaklinga sem eru heimilisfastir í aðildarríki til einka-, fjölskyldu- eða heimilisnota,
- h) staðan er ekki í endurverðbréfun eða gerviverðbréfun eins og um getur í 63. mgr. 4. gr. og 11. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - i) hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar innihalda ekki framseljanlega fjármálagerninga eða afleiður, nema fjármálagerninga sem gefnir eru út af hinum sérstaka verðbréfunaraðila sjálfum eða öðrum aðilum innan verðbréfunarkerfisins og afleiður sem notaðar eru til áhættuvarna vegna gjaldmiðils- og vaxtaáhættu,
  - j) á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út eða tekin inn í eignasafn undirliggjandi áhættuskuldbindinga á hvaða tímapunkti sem er eftir útgáfu, innihalda undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki áhættuskuldbindingar gagnvart lántökum með skert lánshæfi (eða eftir atvikum, ábyrgðaraðila með skert lánshæfi), þegar lántaki með skert lánshæfi (eða eftir atvikum, ábyrgðaraðili með skert lánshæfi) er lántaki (eða ábyrgðaraðili) sem:
    - i. hefur verið lýstur gjaldþrota, samið við kröfuhafa sína um eftirgjöf eða endurskipulagningu skulda eða dómstóll veitt kröfuhöfum hans heimild til aðfarar eða bótagreiðslna vegna greiðslufalls innan þriggja ára fyrir útgáfudag,
    - ii. er á opinberri vanskilaskrá,
    - iii. hefur lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða lánshæfiseinkunn sem gefur til kynna verulega áhættu á að samningsbundnar samþykktar greiðslur muni ekki verða inntar af hendi í samanburði við meðallántakanda fyrir þessa tegund af lánum í viðkomandi lögsögu,
  - k) á þeim tíma sem verðbréfunin er gefin út eða tekin inn í eignasafn undirliggjandi áhættuskuldbindinga á hvaða tímapunkti sem er eftir útgáfu, innihalda undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki áhættuskuldbindingar sem eru í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
3. Fyrirkomulag endurgreiðslna verðbréfuðu staðnanna skal ekki vera með þeim hætti að það velti aðallega á sölu eigna sem tryggja undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Hins vegar skal þetta ákvæði ekki koma í veg fyrir að slíkar áhættuskuldbindingar verði í framhaldinu framlengdar eða endurfjármagnaðar.
  4. Fyrirkomulag viðskipta með verðbréfaða stöðu skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
    - a) ef verðbréfunin hefur verið sett upp án veltitímabils eða veltitímabilið er liðið og ef aðfarargerð eða tilkynning um gjaldfellingu hefur verið afhent, ganga höfuðstólsinngreiðslur frá undirliggjandi áhættuskuldbindingum til eigenda verðbréfuðu staðnanna samkvæmt röð áhættulaga þar sem efsta áhættulag fær greitt fyrst og engri verulegri peningafjárhæð er haldið eftir hjá hinum sérstaka verðbréfunaraðila á hverjum gjaldddaga,
    - b) ef verðbréfunin hefur verið sett upp með veltitímabili skal í viðskiptaskjölum kveðið á um atburði sem geta leitt til gjaldfellingar, sem skulu innihalda að lágmarki allt eftirfarandi:
      - i. rýrnun útlánagæða undirliggjandi áhættuskuldbindinga,
      - ii. skort á öflun nægra nýrra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, að lágmarki af svipuðum útlánagæðum,
      - iii. atburði tengda ógjaldfærni að því er varðar upphafsaðilann eða umsýsluaðila,
  5. Á þeim tíma sem útgáfa verðbréfunarinnar á sér stað skulu lántakendurnir (eða, eftir atvikum, ábyrgðaraðilarnir) hafa innt af hendi a.m.k. eina greiðslu nema verðbréfunin sé tryggð með lánafyrirgreiðslu sem um getur í v. lið g-liðar 2. mgr.
  6. Ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. og ii. lið g-liðar 2. mgr. skal lánasafnið ekki innihalda lán sem var markaðssett og tryggt á þeirri forsendu að lánsúmsækjandanum eða, eftir atvikum milligönguaðilum, hafi verið gert ljóst að upplýsingarnar sem veittar voru séu mögulega ekki sannreyndar af lánveitandanum.

7. Ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán sem um getur í i. og ii. lið g-liðar 2. mgr., skal uppfylla kröfurnar um lánshæfi lántakans sem settar eru fram í 1.–4. mgr., a-lið 5. mgr. og 6. mgr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB <sup>(1)</sup> eða jafngildar kröfur í þriðju löndum.
8. Ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru bílalán, leigusamningar, neytendalán og lánsheimildir sem um getur í iv. og v. lið g-liðar 2. mgr., skal matið á lánshæfi lántakans uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/ESB <sup>(2)</sup>.
9. Ef upphafsaðilinn, bakhjarlinn eða upphaflegi lánveitandinn er með staðfestu í Sambandinu hlítir hann kröfunum sem mælt er fyrir um í fimmta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og birtir upplýsingar í samræmi við 8. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 1060/2009, um útlánagæðin og árangur af hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum, samsetning viðskiptanna, fjárflæðið og sérhver veðtrygging vegna áhættuskuldbindinganna, sem og allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir fjárfesta til að framkvæma yfirgripsmikil og vel ígrunduð álagspróf. Ef upphafsaðilinn, bakhjarlinn eða upphaflegi lánveitandinn eru með staðfestu utan Sambandsins skulu yfirgripsmikil gögn um lánastöðu í samræmi við staðla sem eru almennt viðurkenndir af markaðsaðilum gerð aðgengileg núverandi og tilvonandi fjárfestum og eftirlitsaðilum við útgáfu og með reglubundnum hætti.
10. Undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu ekki stafa frá lánastofnuninni sem hefur verðbréfuðu stöðuna í varaforða lauss fjár, dótturfélagi hennar eða móðurfélagi, dótturfélagi móðurfélagsins eða öðru fyrirtæki sem hefur nán tengsl við þá lánastofnun.
11. Stærð útgáfu áhættulagsins skal vera a.m.k. 100 milljón evrur (eða jafngild fjárhæð í innlendum gjaldmiðli).
12. Veginn meðaleftirstöðvatími áhættulagsins skal vera 5 ár eða minna, sem skal reikna út frá því sem er lægra af annaðhvort ætlaðri fyrirframgreiðslu fyrir viðskiptin eða 20% föstu uppgreiðsluhlutfalli, þar sem lánastofnunin skal gera ráð fyrir að kauprétturinn verði nýttur á fyrsta leyfilega innlausnardegi.
13. Upphafsaðili áhættuskuldbindinganna sem eru undirliggjandi verðbréfuninni skal vera stofnun eins og skilgreint er í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða fyrirtæki sem hefur það að meginstarfsemi að leggja stund á eina starfsemi eða fleiri af þeim sem eru taldar upp í 2. til 12. lið og í 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB.
14. Markaðsvirði verðbréfana á stigi 2B skal sæta eftirfarandi lágmarks frádragi:
- 25% vegna verðbréfana sem eru tryggðar með undirflokkum eigna sem mælt er fyrir um í i. , ii. og iv. lið g-liðar 2. mgr.,
  - 35% vegna verðbréfana sem eru tryggðar með undirflokkum eigna sem mælt er fyrir um í iii. og v. lið g-liðar 2. mgr.

14. gr.

#### Sammingsbundin lausafjárfyrirgreiðsla til takmarkaðra nota

Til þess að teljast eign á stigi 2B, skal sammingsbundin lausafjárfyrirgreiðsla til takmarkaðra nota sem seðlabankar geta veitt eins og um getur í d-lið 1. mgr. 12. gr. uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

- á tímabili þar sem ekki eru álagsaðstæður sætir fyrirgreiðslan lántökugjaldi fyrir sammingsbundnu heildarfjárhæðina sem er a.m.k. það herra af eftirfarandi:
    - 75 grunnpunktar á ári eða
    - a.m.k. 25 grunnpunktum á ári umfram mismun ávöxtunar af eignunum sem notaðar eru til að tryggja fyrirgreiðsluna og ávöxtunar dæmigerðs safns lausafjäreigna, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir verulegum mun á útlánaáhættu.
- Á álagstímabili getur seðlabanki lækkað lántökugjaldið sem lýst er í fyrstu undirgrein þessa liðar að því tilskildu að viðeigandi lágmarkskröfur um lausafjárfyrirgreiðslur samkvæmt öðrum lausafjárleiðum sem mælt er fyrir um í 19. gr. séu uppfylltar,
- fyrirgreiðslan er tryggð með kvaðalausum eignum af tegund sem seðlabanki tilgreinir. Þær eignir sem veittar eru sem veðtrygging skulu uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:
    - form eignarhalds þeirra er þannig að auðvelt er að framselja þær tafarlaust til seðlabanka ef til þess kemur að fyrirgreiðslan er gjaldfelld,
    - verðgildi að loknu frádragi eins og því er beitt af seðlabankanum nægir til að mæta heildarfjárhæð fyrirgreiðslunnar,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um láns samninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um láns samninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

- iii. þær eru ekki taldar sem lausafjáreignir í varaforða lauss fjár lánastofnunarinnar,
- c) fyrirgreiðslan samræmist umgjörð seðlabankans um mótaðilaáætlu,
- d) skuldbindingartími fyrirgreiðslunnar er lengri en sem nemur hinu 30 almanaksdaga álagstímabili sem um getur í 4. gr.,
- e) seðlabankinn afturkallar ekki fyrirgreiðsluna áður en til sammingsbundins gjalddaga kemur og frekari lánaákvörðun er ekki tekin svo lengi sem hlutaðeigandi lánastofnun heldur áfram að vera metin gjaldfær,
- f) seðlabankinn hefur birt formlega stefnu þar sem fram kemur ákvörðun hans um að veita sammingsbundna lausafjárfyrirgreiðslu til takmarkaðra nota, skilyrði fyrirgreiðslunnar og þær tegundir lánastofnanna sem geta óskað eftir þeirri fyrirgreiðslu.

15. gr.

### Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

1. Hlutir og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skulu gilda sem lausafjáreignir á sama stigi og undirliggjandi lausafjáreignir hlutaðeigandi fyrirtækis upp að fastri fjárhæð sem nemur 500 milljón evrum (eða jafngildri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli) fyrir hverja lánastofnun á einingargrunni, að því tilskildu að:
  - a) kröfur skv. 3. mgr. 132. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfylltar,
  - b) sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti einungis í lausafjáreignum og afleiðum, og að því er varðar hið síðarnefnda, aðeins upp að því marki sem þurfa þykir til að draga úr vaxta-, gjaldmiðla- eða útlánaáætlu í eignasafninu.
2. Lánastofnanir skulu beita eftirfarandi lágmarks frádragi af verðmæti hluta eða hlutdeildarskírteina í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með hliðsjón af flokki undirliggjandi lausafjáreigna:
  - a) 0% fyrir mynt og peningseðla og áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr.,
  - b) 5% fyrir eignir á stigi 1 aðrar en sértrygð skuldabréf af mjög miklum gæðum,
  - c) 12% fyrir sértrygð skuldabréf af mjög miklum gæðum sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr.,
  - d) 20% fyrir eignir á stigi 2A,
  - e) 30% fyrir verðbréfanir á stigi 2B sem tryggðar eru með undirflokkum eigna sem mælt er fyrir um í i., ii. og iv. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.,
  - f) 35% fyrir sértrygð skuldabréf sem um getur í e-lið 1. mgr. 12. gr.,
  - g) 40% fyrir verðbréfanir á stigi 2B sem tryggðar eru með undirflokkum eigna sem mælt er fyrir um í iii. og v. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr. og
  - h) 55% fyrir fyrirtækjaskuldabréf sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr., hluti sem um getur í c-lið 1. mgr. 12. gr. og eignir sem bera ekki vexti sem um getur í f-lið 1. mgr. 12. gr.
3. Beita skal aðferðinni sem um getur í 2. mgr. sem hér segir:
  - a) þegar lánastofnuninni er kunnugt um áhættuskuldbindingar sem eru undirliggjandi sjóðnum um sameiginlegar fjárfestingar getur hún horft í gegnum þessar undirliggjandi áhættuskuldbindingar til að úthluta þeim viðeigandi frádragi í samræmi við 2. mgr.,
  - b) þegar lánastofnuninni er ekki kunnugt um áhættuskuldbindingarnar sem eru undirliggjandi sjóðnum verður lánastofnunin að gera ráð fyrir að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti eins mikið og umboð hans leyfir í hækkanði röð í lausafjáreignum eins og þær eru flokkaðar að því er varðar 2. mgr., frá þeim sem um getur í g-lið 2. mgr. og þar til hámarks fjárfestingarheimild er náð. Sömu aðferð skal beitt til að ákvarða seljanleikastig undirliggjandi eigna þar sem lánastofnuninni er ekki kunnugt um áhættuskuldbindingarnar sem eru undirliggjandi sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu.
4. Lánastofnanir skulu þróa trausta aðferðafræði og verklag til að reikna og tilgreina markaðsvirði og frádrag fyrir hluti og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Þegar áhættuskuldbinding er ekki nægilega veruleg fyrir lánastofnun til að þróa sína eigin aðferðafræði og að því tilskildu, í hverju tilviki fyrir sig, að lögbæra yfirvaldið hafi gengið úr skugga um að þessu skilyrði sé mætt, getur lánastofnun aðeins reitt sig á eftirfarandi þriðju aðila til að reikna og tilgreina frádrag vegna hluta eða hlutdeildarskírteina í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu:
  - a) vörsluaðila sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti einungis í verðbréfum og leggi öll slík verðbréf inn hjá þessari vörslustofnun eða

b) hvað varðar aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 132. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Þegar lánastofnun fer ekki að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. þessarar greinar í tengslum við hluti og hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, skal hún hætta að líta á þær sem lausafjáreignir í merkingu þessarar reglugerðar í samræmi við 18. gr.

#### 16. gr.

### Innstæður og önnur fjármögnun í samstarfsnetum og stofnanaverndarkerfum

1. Þegar lánastofnun tilheyrir stofnanaverndarkerfi af þeirri tegund sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, kerfi sem myndi geta fengið undanþáguna sem kveðið er á um í 10. gr. þeirrar reglugerðar eða samstarfsneti í aðildarríki, skal farið með óbundin innlán, sem lánastofnunin geymir í miðlægri stofnun, sem lausafjáreignir í samræmi við eitt af eftirfarandi ákvæðum:

- a) þegar miðlægri stofnun ber skylda til að varðveita eða fjárfesta innlánin í lausafjáreignum á tilteknu stigi eða í tilteknum flokki, í samræmi við landslög eða lagalega bindandi skjöl sem gilda um kerfið eða netið, skal meðhöndla innlánin sem lausafjáreignir á því sama stigi eða í þeim sama flokki í samræmi við þessa reglugerð,
- b) þegar miðlægu stofnuninni ber ekki skylda til að varðveita eða fjárfesta innlánin í lausafjáreignum á tilteknu stigi eða í tilteknum flokki, skal meðhöndla innlánin sem eignir á stigi 2B í samræmi við þessa reglugerð og útistandandi fjárhæð þeirra skal sæta a.m.k. 25% lágmarksfrádragi.

2. Þegar lánastofnunin hefur samkvæmt lögum aðildarríkis eða lagalega bindandi skjölum sem gilda um netin eða kerfin sem lýst er í 1. mgr. aðgang innan 30 almanaksdaga að lausafjárþjármögnun frá miðlægri stofnun eða annarri stofnun innan sama nets eða kerfis, skal farið með slíka fjármögnun sem eign á stigi 2B að því marki sem hún er ekki tryggð með lausafjáreignum af tilteknu stigi eða tegund. Beita skal 25% frádragi að lágmarki gagnvart samningsbundnum höfuðstól lausafjárþjármögnunarinnar.

#### 17. gr.

### Samsetning varaforða lauss fjár eftir eignastigi

1. Lánastofnanir skulu ávallt fara að eftirfarandi kröfum um samsetningu varaforða lauss fjár:

- a) að lágmarki skulu 60% eigna í varaforða lauss fjár vera eignir á stigi 1,
- b) að lágmarki skulu 30% eigna í varaforða lauss fjár vera eignir á stigi 1 að undanskildum sértryggtum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr.,
- c) að hámarki skulu 15% eigna í varaforða lauss fjár vera eignir á stigi 2B.

2. Beita skal kröfunum sem settar eru fram í 1. mgr. eftir að leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum tryggðrar fjármögnunar, tryggðra lánveitinga eða skiptasamninga þar sem lausafjáreignir eru notaðar, á lausafjáreignir, þegar þessi viðskipti falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga, eftir að hafa dregið frá viðeigandi frádrag og að því tilskildu að lánastofnunin fari að rekstrarlegum kröfum sem mælt er fyrir um í 8. gr.

3. Lánastofnanir skulu ákvarða samsetningu varaforða lauss fjár síns í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

#### 18. gr.

### Skilyrði ekki uppfyllt

1. Þegar lausafjáreign uppfyllir ekki lengur gildandi, almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í 7. gr., rekstrarlegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. eða aðrar viðeigandi hæfisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skal lánastofnunin hætta að viðurkenna hana sem lausafjáreign eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir að eignin uppfyllir ekki skilyrði.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu aðeins gilda um hluti eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem uppfylla ekki lengur hæfiskröfur þegar þau fara ekki yfir 10% af heildareignum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

## 19. gr.

**Aðrar lausafjáraðferðir**

1. Þegar ónógar lausafjáreignir eru til staðar í tilteknum gjaldmiðli fyrir lánastofnanir til að uppfylla lausafjárþekjuhlutfallið sem mælt er fyrir um í 4. gr. skal eitt eða fleiri eftirfarandi ákvæða gilda:
  - a) krafan um gjaldmiðlasamræmi sem sett er fram í 6. mgr. 8. gr. skal gilda að því er varðar þann gjaldmiðil,
  - b) lánastofnunin getur mætt skorti á lausafjáreignum í gjaldmiðli með lánafyrirgreiðslum frá seðlabanka í aðildarríki eða þriðja landi þess gjaldmiðils, að því tilskildu að fyrirgreiðslan uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
    - i. hún er bindandi samkvæmt óafturkallanlegum samningi til næstu 30 almanaksdaga,
    - ii. fyrir hana er greitt gjald óháð fjárhæð ádráttar úr fyrirgreiðslunni, ef hann er fyrir hendi,
    - iii. gjaldið er þannig ákvarðað að nettó ávöxtun eignanna sem notaðar eru til að tryggja fyrirgreiðsluna má ekki vera hærrí en nettó ávöxtun dæmigerðs safns lausafjáreigna, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir verulegum mun á útlánaáhættu,
  - c) þar sem skortur er á eignum á stigi 1 en nægilegt magn er til staðar af eignum á stigi 2A getur lánastofnun notað viðbótareignir á stigi 2A í varaforða lauss fjár og álíta skal að hámarksfrádragi sem sett eru fram eftir eignastigum í 17. gr. hafi verið breytt í samræmi við það. Þessar viðbótareignir á stigi 2A skulu sæta lágmarksfrádragi sem jafngildir 20%. Eignir lánastofnunarinnar á stigi 2B skulu halda áfram að sæta því frádragi sem gildir í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við þennan kafla.
2. Lánastofnanir skulu beita þeim undanþágum sem kveðið er á um í 1. mgr. í öfugu hlutfalli við aðgengileika viðkomandi lausafjáreigna. Lánastofnanir skulu meta lausafjárþörf sína fyrir beitingu þessarar greinar að teknu tilliti til getu sinnar til að draga úr, með traustri lausafjárstýringu, þörfinni fyrir þessar lausafjáreignir og eignarhaldi annarra markaðsaðila á þessum eignum.
3. Ákveða skal hvaða gjaldmiðlar geti nýtt undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og upp að hvaða marki ein eða fleiri undanþágur geta verið aðgengilegar í heild fyrir tiltekinn gjaldmiðil, með framkvæmdarreglugerð sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja í samræmi við 4. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
4. Ítarlegu skilyrðin sem gilda um notkun undanþáganna sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. skulu ákvörðuð með framseldri gerð sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja í samræmi við 5. mgr. 419. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

## III. BÁLKUR

**ÚTSTREYMI OG INNSTREYMI LAUSAFJÁR**

## 1. KAFLI

**Nettó lausafjárútsreymi**

## 20. gr.

**Skilgreining á nettó lausafjárútsreymi**

1. Nettó lausafjárútsreymi skal vera summa útsreymis lausafjár í a-lið að frádreginni summu innstreymis lausafjár í b-lið, en skal ekki vera lægra en núll, og skal reiknað með eftirfarandi hætti:
  - a) summa útsreymis lausafjár eins og það er skilgreint í 2. kafla,
  - b) summa innstreymis lausafjár, eins og það er skilgreint í 3. kafla, reiknuð með eftirfarandi hætti:
    - i. innstreymi sem undanþegið er því hámarki sem um getur í 2. og 3. mgr. 33. gr.,
    - ii. það innstreymi sem er lægra af þeim sem um getur í 4. mgr. 33. gr. og 90% af útsreyminu sem um getur í a-lið að frádregnu undanþegnu innstreymi í 2. og 3. mgr. 33. gr., en ekki lægra en núll,
    - iii. það innstreymi sem er lægra fyrir utan þau sem um getur í 2., 3., og 4. mgr. 33. gr. og 75% af útsreyminu sem um getur í a-lið að frádregnu undanþegnu innstreymi í 2. og 3. mgr. 33. gr. og innstreyminu í 4. mgr. 33. gr. deilt með 0,9 til að gera ráð fyrir áhrifum 90% hámarksins, þó ekki lægra en núll.

2. Innstreymi og ústreymi lausafjár skal metið á 30 almanaksdaga álagstímabili samkvæmt sameiginlegri, sérstakri álagssviðsmynd sem tekur til alls markaðarins eins og um getur í 5. gr.
3. Útreikningarnir sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skulu gerðir í samræmi við formúluna sem sett er fram í II. viðauka.

21. gr.

#### **Kröfur vegna mats á áhrifum veðtrygginga sem fást með afleiðuviðskiptum**

Lánastofnanir skulu reikna vænt ústreymi og innstreymi lausafjár á 30 almanaksdaga tímabili fyrir þá samninga sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á hreinum grunni eftir mótaðila með fyrirvara um tilvist tvíhliða skuldajöfnunarsamninga í samræmi við 295. gr. þeirrar reglugerðar. Að því er varðar þessa grein skal hreinn grunnur teljast vera að frádregnum tryggingum til viðtöku að því tilskildu að þær séu hæfar sem lausafjäreignir samkvæmt II. bálki þessarar reglugerðar. Ústreymi og innstreymi handbærs fjár sem verður til vegna gjaldeyrisafleiðuviðskipta sem felur í sér full skipti á höfuðstól á sama tíma (eða innan sama dags) skal reiknað á hreinum grunni, jafnvel þegar þessi viðskipti falla ekki undir tvíhliða skuldajöfnunarsamning.

2. KAFLI

#### **Ústreymi lausafjár**

22. gr.

#### **Skilgreining á ústreymi lausafjár**

1. Ústreymi lausafjár skal reiknað út með því að margfalda eftirstöðvarnar af ýmsum flokkum eða tegundum skulda og skuldbindinga utan efnahagsreiknings með vægi sem gerir ráð fyrir niðurfærslu eða ádrætti, eins og tilgreint er í þessum kafla.
2. Ústreymi lausafjár, sem um getur í 1. mgr., skal, í hverju tilviki margfaldað með viðkomandi ústremishlutfalli, taka til:
  - a) gildandi útistandandi fjárhæðarinnar fyrir stöðug smásöluinnlán og önnur smásöluinnlán í samræmi við 24., 25. og 26. gr.,
  - b) gildandi útistandandi fjárhæðanna fyrir aðrar skuldbindingar sem falla í gjalddaga, þar sem útgefandinn eða fjármögnunarveitandinn geta krafist útgreiðslu eða fjármögnunarveitandinn vænst þess að lánastofnunin mundi endurgreiða skuldina á næstu 30 almanaksdögum sem er ákvarðað í samræmi við 27. og 28. gr.,
  - c) viðbótarústreymis sem er ákvarðað í samræmi við 30. gr.,
  - d) hámarksfjárhæðar sem nýta má á næstu 30 almanaksdögum frá samningsbundnum lána- og lausafjáfyrirgreiðslum sem ekki hafa verið nýttar og sem hafa verið ákvarðaðar í samræmi við 31. gr.,
  - e) viðbótarústreymis sem tilgreint er í matinu í samræmi við 23. gr.

23. gr.

#### **Viðbótarlausafjárústreymi fyrir aðrar vörur og þjónustu**

1. Lánastofnanir skulu reglulega meta líkurnar á og mögulegt umfang ústreymis lausafjár á 30 almanaksdaga tímabili fyrir vörur og þjónustu sem ekki er getið um í 27. til 31. gr. og sem þær bjóða eða styðja eða sem hugsanlegir kaupendur myndu telja að tengdust þeim. Þessar vörur eða þjónusta skulu taka til, en ekki takmarkast við, ústreymi lausafjár sem stafar af samningsbundnu fyrirkomulagi sem um getur í 429. gr. og I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, svo sem:
  - a) aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings og skilyrtar fjármögnunarskyldur, þ.m.t., en ekki takmarkað við, fjármögnunarfyrirgreiðslur sem eru ekki samningsbundnar,
  - b) óádrægin lán og fyrirframgreiðslur til heildsölumótaðila,
  - c) fasteignalán sem hafa verið samþykkt en eru óádrægin,

- d) greiðslukort,
- e) yfirdrættir,
- f) áætlað útstreymi sem tengist endurnýjun eða framlengingu á nýjum smásölulánum eða heilðsölulánum,
- g) áætlaðar afleiðuskuldir,
- h) vörur sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings.

2. Útstreymið sem um getur í 1. mgr. skal metið samkvæmt sviðsmynd sem felur í sér sérstaka álagsatburði og álag á markaðinn í heild sinni eins og um getur í 5. gr. Fyrir þetta mat skulu lánastofnanir taka sérstaklega tillit til verulegs skaða á orðspori sem getur orsakast af því að veita ekki lausafjárstuðning til slíkra vara og þjónustu. Lánastofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum a.m.k. einu sinni á ári um þær vörur og þjónustu þar sem líkurnar á og hugsanlegt umfang útstreymis lausafjár sem um getur í 1. mgr. eru umtalsverð og lögbæru yfirvöldin skulu ákvarða úthlutun útstreymis. Lögbær yfirvöld geta beitt útstremishlutfalli upp að 5% fyrir vörur tengdar viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings eins og um getur í 429. gr. og I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni a.m.k. einu sinni ári um þær tegundir vara eða þjónustu sem þau hafa ákvarðað útstreymi fyrir á grundvelli skýrslna frá lánastofnunum og skal hafa með í þeirri skýrslu útskýringu á aðferðafræðinni sem beitt er til að ákvarða útstreymi.

24. gr.

#### Útstreymi stöðugra smásöluinnlána

1. Ef viðmið fyrir herra útstremishlutfall, skv. 2., 3. eða 5. mgr. 25. gr., eru ekki uppfyllt skal upphæð smásöluinnlána sem falla undir innstæðutryggingakerfi, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB <sup>(1)</sup> eða tilskipun 2014/49/ESB eða sambærilegt innstæðutryggingakerfi í þriðja landi, teljast stöðug og margfölduð með 5% þegar innlánið er annaðhvort:

- a) hluti af föstu viðskiptasambandi, sem þýðir að úttekt er mjög ólíkleg eða
- b) geymt á óbundnum reikningi.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal innstæða teljast hluti af föstu viðskiptasambandi ef innstæðueigandi uppfyllir a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:

- a) á í virku samningsbundnu viðskiptasambandi við lánastofnunina í a.m.k. 12 mánuði,
- b) er í lánasambandi við lánastofnunina vegna húsnæðislána eða annarra langtímalána,
- c) hefur a.m.k. eina aðra virka vöru, aðra en lán, hjá lánastofnuninni.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal smásöluinnlán talið vera á óbundnum reikningi þegar laun, innkoma eða viðskipti eru reglulega tekjufærð annars vegar og gjaldfærð hins vegar á þann reikning.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær yfirvöld, frá 1. janúar 2019, heimilað lánastofnunum að margfalda með 3% þá fjárhæð stöðugra smásöluinnlána sem um getur í 1. mgr. sem falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 2014/49/ESB upp að 100 000 evrum að hámarki, eins og tilgreint er í 1. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi staðfest að opinberlega viðurkennda innstæðutryggingakerfið uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:

- a) innstæðutryggingakerfið hefur tiltæka fjármuni, eins og um getur í 10. gr. tilskipunar 2014/49/ESB, sem safnað er fyrirfram með framlögum sem aðilar láta af hendi rakna a.m.k. árlega,
- b) innstæðutryggingakerfið hefur nægilega góðar leiðir til að tryggja greiðan aðgang að viðbótarfjármögnun ef mikil þörf er á að leita í varasjóði þess, þ.m.t. aðgang að aukaframlögum frá lánastofnunum sem eiga aðild og öðrum fjármagnsmöguleikum til að afla skammtímafjármögnunar frá opinberum aðilum eða þriðju aðilum úr einkageiranum,
- c) innstæðutryggingakerfið tryggir sjö virkra daga langt endurgreiðslutímabil, eins og um getur í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/49/ESB, frá þeim degi þegar 3% útstremishlutfalli er beitt.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi (Stjttíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5).

5. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita heimildina sem um getur í 4. mgr. eftir að hafa fengið fyrirframsamþykki frá framkvæmdastjórninni. Óskað skal eftir slíku samþykki með rökstuddri tilkynningu, sem skal hafa að geyma gögn um að niðurfærsluhlutföll fyrir stöðug smásöluinnlán myndu vera undir 3% á sérhverju álagstímabili sem er í samræmi við sviðsmyndirnar sem um getur í 5. gr. Rökstudda tilkynningin skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina a.m.k. 3 mánuðum fyrir þann dag sem heimildin á að taka gildi. Framkvæmdastjórnin skal meta hvort viðkomandi innstæðutryggingakerfi uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í a-, b- og c-lið 4. mgr. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt skal framkvæmdastjórnin samþykkja beiðni lögbæra yfirvaldsins um að veita leyfi nema þegar ríkari ástæður eru til staðar til að veita ekki samþykki, með hliðsjón af starfsemi innri markaðarins með smásöluinnlán. Allar lánastofnanir sem eru tengdar slíku viðurkenndu innstæðutryggingakerfi skulu eiga rétt á að beita 3% ústreymishlutfalli. Framkvæmdastjórnin skal leita álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um það hvort viðkomandi innstæðutryggingakerfi uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, og c-lið 4. mgr.

6. Lánastofnanir geta fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum sínum til að margfalda með 3% þá fjárhæð smásöluinnlána sem falla undir innstæðutryggingakerfi í þriðja landi sem er jafngilt kerfinu sem um getur í 1. mgr. ef þriðja landið heimilar þessa meðferð.

25. gr.

### Ústreymi annarra smásöluinnlána

1. Lánastofnanir skulu margfalda með 10% önnur smásöluinnlán, þ.m.t. þann hluta smásöluinnlána sem ekki fellur undir 24. gr. nema skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. gildi.

2. Önnur smásöluinnlán skulu sæta hærra ústreymishlutfalli samkvæmt ákvörðun lánastofnunarinnar í samræmi við 3. mgr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) heildarstöður í innlánnum, þ.m.t. allir innlánsreikningar viðskiptavina við þá lánastofnun eða samstæðu, eru hærra en 500 000 evrur,

b) innlánið er eingöngu netreikningur,

c) innlánið er á vaxtakjörum sem uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

i. vextirnir eru verulega umfram meðalvexti fyrir svipuð smásöluinnlán,

ii. ávöxtun af þeim leiðir af ávöxtun markaðsvísitölu eða vísitölukörfu,

iii. ávöxtun af þeim leiðir af markaðsbreytum öðrum en fljótandi vöxtum,

d) innlánið var upphaflega lagt inn sem bundið innlán sem fellur í gjalddaga innan 30 almanaksdaga eða innláninu fylgir fastur uppsagnarfrestur sem er skemmri en 30 almanaksdagar, í samræmi við samningsbundið fyrirkomulag, og það er ekki meðal þeirra innlána sem geta fallið undir meðferðina sem kveðið er á um í 4. mgr.,

e) að því er varðar lánastofnanir með staðfestu í Sambandinu, innlánseigandinn er búsettur í þriðja landi eða innlánið er tilgreint í öðrum gjaldmiðli en evru eða innlendum gjaldmiðli aðildarríkis. Að því er varðar lánastofnanir eða útibú í þriðju löndum, innlánseigandinn er ekki búsettur í þriðja landinu eða innlánið er tilgreint í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli þriðja landsins.

3. Lánastofnanir skulu beita hærra ústreymishlutfalli sem ákvarðast sem hér segir:

a) þegar smásöluinnlán uppfylla viðmiðin í a-lið eða tvö af viðmiðunum í b- til e-lið 2. mgr., skal beita ústreymishlutfalli milli 10% og 15%,

b) þegar smásöluinnlán uppfylla a-lið 2. mgr. og a.m.k. eina aðra viðmiðun sem um getur í 2. mgr. eða þrjár eða fleiri viðmiðanir í 2. mgr., skal beita ústreymishlutfalli milli 15% og 20%.

Lögbær yfirvöld geta beitt hærra ústreymishlutfalli, í hverju tilviki fyrir sig, þegar sérstakar aðstæður lánastofnunarinnar réttlæta það. Lánastofnanir skulu beita ústreymishlutfallinu sem um getur í b-lið 3. mgr. gagnvart smásöluinnlánnum þegar matið sem um getur í 2. mgr. hefur ekki farið fram eða er ekki lokið.



4. Lánastofnanir geta undanskilið frá útreikningum á ústreymi tiltekna afmarkaða flokka smásöluinnlána, að því gefnu að lánastofnun beiti í hverju tilviki mjög nákvæmlega eftirfarandi ákvæðum fyrir allan þann flokk innlána, nema undanþága sé réttlæt看leg á grundvelli erfiðra aðstæðna innstæðueigandans:

- a) innstæðueigandanum er ekki leyft að taka út innstæðuna innan 30 almanaksdaga eða
- b) taki innstæðueigandi innstæðuna út innan 30 almanaksdaga skal hann greiða gjald sem felur í sér niðurfellingu vaxta frá þeim degi þegar innstæðan er tekin út og fram að gjalddaga samkvæmt samningi auk verulegs gjalds sem þarf ekki að vera hærra en nemur þeim vöxtum sem greiða skal fyrir útmann frá því innstæðan er lögð inn og þar til hún er tekin út.

Ef hægt er að taka út hluta innstæðunnar sem um getur í fyrstu undirgrein án þess að gjalds sé krafist skal einungis fara með þann hlut sem óbundið innlán og farið skal með þá fjárhæð sem eftir stendur sem bundið innlán eins og um getur í þessari málsgrein. Beita skal 100% ústremishlutfalli gagnvart afturkölluðum innlánnum með eftirstöðvatíma sem er styttri en 30 almanaksdagar og þegar útgreiðsla til annarrar lánastofnunar hefur verið samþykkt.

5. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. og 24. gr. skulu lánastofnanir margfalda smásöluinnlán sem þau hafa tekið við í þriðju löndum með hærri prósentu ústremishlutfalls ef kveðið er á um slíkt prósentuhlutfall í innlendum lögum sem kveða á um lausafjárkröfur í því þriðja landi.

26. gr.

### Ústreymi með vixltengdu innstreymi

Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds geta lánastofnanir reiknað ústreymi lausafjár að frádregnu vixltengdu innstreymi sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) vixltengda innstreymið tengist beint ústreyminu og ekki er tekið tillit til þess við útreikning á innstreymi lausafjár í 3. kafla,
- b) hins vixltengda innstremis er krafist samkvæmt lögum, reglum eða samningsbundinni skuldbindingu,
- c) vixltengda innstreymið uppfyllir eitt eftirfarandi skilyrði:
  - i. það á sér stað með skyldubundnum hætti áður en ústreymið á sér stað,
  - ii. það er mótttekið innan 10 daga og er tryggt af ríkissjóði aðildarríkis.

27. gr.

### Ústreymi frá rekstrarinnlánnum

1. Lánastofnanir skulu margfalda með 25% skuldbindingar sem stafa af innstæðum sem er haldið:

- a) af innstæðueiganda til að tryggja aðgang að greiðslujöfnun, vörslu, reiðufjárstýringu eða annarri sambærilegi þjónustu frá lánastofnuninni í tengslum við fast rekstrarsamband,
- b) í tengslum við skiptingu sameiginlegra verkefna innan stofnanaverndarkerfis sem uppfyllir kröfurnar í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða innan hóps samvinnulánastofnana sem tengjast varanlega miðlægrri stofnun, sem uppfyllir kröfurnar í 6. mgr. 113. gr. sömu reglugerðar, eða sem lögbundin eða samningsbundin innstæða annarrar lánastofnunar sem er aðili að sama stofnanaverndarkerfi eða samstarfsneti, að því tilskildu að þessar innstæður séu ekki viðurkenndar sem lausafjáreignir fyrir lánastofnunina eins og um getur í 3. mgr. og 16. gr.,
- c) af innstæðueiganda í tengslum við annað fast rekstrarsamband en það sem um getur í a-lið,
- d) af innstæðueiganda til að tryggja aðgang að greiðslujöfnunarþjónustu og þjónustu miðlægrar stofnunar og þegar lánastofnun tilheyrir einu af netunum eða kerfunum sem um getur í 16. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lánastofnanir margfalda þann hluta skuldbindinga sem stafar af innstæðum, sem um getur í a-lið 1. mgr. sem fellur undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða tilskipun 2014/49/ESB eða sambærilegt innstæðutryggingakerfi í þriðja landi, með 5%.

3. Innstæður frá lánastofnunum sem lagðar eru inn hjá miðlægu stofnuninni og teljast lausafjáreignir lánastofnunarinnar sem leggur þær inn í samræmi við 16. gr. skal margfalda með 100% ústremishlutfalli fyrir miðlægu lánastofnunina af fjárhæð þessara lausafjáreigna eftir frádrag. Þessar lausafjáreignir skulu ekki taldar með til að ná yfir annað ústreymi en það ústreymi sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar og líta skal fram hjá þeim að því er varðar útreikning á samsetningu varaforða lauss fjár sem eftir er skv. 17. gr. fyrir miðlægu stofnunina á einingargrundvelli.

4. Greiðslujöfnun, vörsluþjónusta, reiðufjárstýring eða önnur sambærileg þjónusta, sem um getur í a- og d-lið 1. mgr., tekur aðeins til slíkrar þjónustu að því marki sem hún er veitt í tengslum við fast rekstrarsamband sem er afar mikilvægt fyrir innstæðueigandann. Innstæður, sem um getur í a-, c- og d-lið 1. mgr., skulu háðar verulegum lagalegum eða rekstrarlegum takmörkunum sem gera verulegar úttektir innan 30 daga ólíklegar. Farið skal með fjármuni umfram þá sem krafist er fyrir veitingu rekstrarþjónustu sem innstæður sem ekki eru rekstrarinnstæður.
5. Ekki skal farið með innstæður sem leiða af millibankatengslum eða af veitingu aðalmiðlunarþjónustu sem rekstrarinnstæður og skulu fá 100% útstreymishlutfall.
6. Til þess að tilgreina innstæðurnar sem um getur í c-lið 1. mgr. skal lánastofnun gera ráð fyrir að til staðar sé fast rekstrarsamband við viðskiptavin sem ekki er á fjármálamarkaði, að undanskildum bundnum innlánnum, innlánnum á spari-reikninga og innstæðum sem miðlarar hafa lagt inn, þegar öllum eftirfarandi viðmiðunum er fullnægt:
- þóknunin fyrir reikninginn er a.m.k. 5 grunnpunktum undir vöxtum sem eru ráðandi fyrir heilðsöluinnlán með svipaða eiginleika, en þarf ekki að vera neikvæð,
  - innstæðan er geymd á sérstaklega tilgreindum reikningi og verðlögð án þess að búa til fjárhagslegan hvata fyrir innstæðueiganda til að geyma fjármuni inni á reikningum umfram það sem þarf fyrir rekstrarsamband,
  - veruleg viðskipti eru tekjufærð og gjaldfærð reglulega á viðkomandi reikning,
  - ein af eftirfarandi viðmiðunum er uppfyllt:
    - sambandið við innstæðueiganda hefur verið til staðar í a.m.k. 24 mánuði,
    - innstæðan er notuð að lágmarki fyrir tvennskona virka þjónustu. Þessi þjónusta getur falist í beinum eða óbeinum aðgangi að innlendra eða millilandagreiðsluþjónustu, verðbréfavíðskiptum eða vörsluþjónustu.

Aðeins skal farið með þann hluta af innstæðunni sem er nauðsynlegur til að nýta þjónustuna sem innstæðan er hliðarafurð af sem rekstrarinnlán. Farið skal með það sem er umfram sem innstæðu sem ekki er rekstrarleg.

28. gr.

### Útstreymi vegna annarra skuldbindinga

1. Lánastofnanir skulu margfalda með 40% skuldbindingar sem stafa af innstæðum viðskiptavina sem ekki eru á fjármálamarkaði, ríkissjóða, seðlabanka, fjölþjóðlegra þróunarbanka, opinberra aðila, lánafélaga með starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum, einkafjárfestingarfélagum eða viðskiptavina sem eru innstæðumiðlarar, að því marki sem þessir aðilar falla ekki undir 27. gr.
- Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal þegar skuldbindingar sem um getur í fyrstu undirgrein falla undir innstæðutryggingakerfi í samræmi við tilskipun 94/19/EB eða tilskipun 2014/49/ESB eða samsvarandi innstæðutryggingakerfi í þriðja landi margfalda þær með 20%.
2. Lánastofnanir skulu margfalda skuldbindingarnar sem stafa af rekstrarkostnaði stofnunarinnar sjálfrar með 0%.
3. Lánastofnanir skulu margfalda skuldbindingar sem stafa af tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 192. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:
- með 0% ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu teljast eignir á stigi 1 í samræmi við 10. gr., að undanskildum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr., eða ef lánveitandinn er seðlabanki,
  - með 7% ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu teljast sértryggð skuldabréf af mjög miklum gæðum eins og um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr.,
  - með 15% ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu teljast eignir á stigi 2A í samræmi við 11. gr.,
  - með 25%:
    - ef þær eru tryggðar með eignum sem um getur í i., ii. eða iv. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.,
    - ef þær eru tryggðar með eignum sem myndu ekki teljast lausafjäreignir í samræmi við 10. og 11. gr. og lánveitandinn er ríkissjóður, opinber aðili aðildarríkis eða þriðja lands þar sem lánastofnunin hefur fengið starfsleyfi eða hefur komið á fót útibúi, eða fjölþjóðlegur þróunarbanki. Opinberir aðilar sem geta hlotið þessa meðferð takmarkast við þá sem hafa áhættuvog sem er 20% eða lægri í samræmi við 4. og 5. mgr. 116. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
  - með 35% ef þær eru tryggðar með undirflokkum eigna sem um getur í iii. eða v. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.,

- f) með 50% ef þær eru tryggðar með:
- fyrirtækjaskuldabréfum sem myndu teljast eignir á stigi 2B í samræmi við b-lið 1. mgr. 12. gr.,
  - hlutabréfum sem myndu teljast eignir á stigi 2B í samræmi við c-lið 1. mgr. 12. gr.,
- g) með 100% þegar þær eru tryggðar með eignum sem myndu ekki teljast lausafjáreignir í samræmi við II. bálk, að undanskildum viðskiptum sem falla undir ii. lið d-liðar þessarar málsgreinar eða ef lánveitandinn er seðlabanki.
4. Tryggðir skiptasamningar sem falla í gjalddaga innan næstu 30 daga skulu leiða til útstreymis fyrir umframlausafjárvirði eigna sem fengnar eru að láni í samanburði við lausafjárvirði eignanna sem lánaðar eru nema gagnaðilinn sé seðlabanki en þá skal 0% útstreymishlutfall gilda.
5. Farið skal með afgang skuldajöfnunar sem haldið er á aðskildum reikningum sem tengjast reglum um vernd viðskiptavina sem settar eru með innlendum reglugerðum, sem innstreymi í samræmi við 32. gr. og skal haldið utan forða lausafjáreigna.
6. Lánastofnanir skulu beita 100% útstreymishlutfalli á alla seðla, skuldabréf og önnur verðbréf sem lánastofnanir gefa út nema skuldabréfið sé eingöngu selt á smásölumarkaði og haft á smásölureikningi, en þá skal farið með þá gerninga í samræmi við viðeigandi smásöluinnlánaflökk. Setja skal takmarkanir þannig að engir aðrir en smásöluviðskiptavinir geti keypt og átt þessa gerninga.

29. gr.

#### Útstreymi innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis

1. Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað beitingu lægra útstreymishlutfalls í hverju tilviki fyrir sig fyrir óádreagnar lánsheimildir eða lausafjárþyrirgreiðslur þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- ástæða er til að gera ráð fyrir minna útstreymi jafnvel þegar saman fara sérstakir erfiðleikar veitandans og álag sem nær til alls markaðarins,
  - þegar mótaðilinn er móður- eða dótturfélag lánastofnunarinnar eða annað dótturfélag sama móðurfélags eða hann er tengdur lánastofnuninni í gegnum samband, í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE <sup>(1)</sup>, eða er aðili að sama stofnana-verndarkerfi, sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða miðlæg stofnun eða hlutdeildarfélag í neti eða samvinnusamstæðu eins og um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar,
  - hið lægra útstreymishlutfall fer ekki niður fyrir innstreymishlutfallið sem mótaðilinn beitir,
  - lánastofnunin og mótaðilinn hafa staðfestu í sama aðildarríki.
2. Lögbær yfirvöld geta fallið frá skilyrðinu sem sett er fram í d-lið 1. mgr. þegar b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt. Í því tilviki skal uppfylla eftirfarandi, frekari hlutlægar viðmiðanir:
- veitandi og móttakandi lausafjár skulu vera með lágt lausafjánhættusnið,
  - til staðar eru lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli eininga samstæðu varðandi óádreagnar lánsheimildir og lausafjárflúr,
  - taka skal nægilegt tillit til lausafjánhættusniðs lausafjarmóttakandans í lausafjánhættustýringu lausafjárveitandans,

Þegar leyfilegt er að beita slíku lægra útstreymishlutfalli skal lögbært yfirvald upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um niðurstöður meðferðarinnar sem um getur í b-lið, 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Það hvort skilyrði fyrir slíku lægra útstreymishlutfalli séu uppfyllt skal sæta reglulegri endurskoðun af hálfu lögbærs yfirvalds.

30. gr.

#### Viðbótarútstreymi

1. Aðrar tryggingar en reiðufé og eignir sem um getur í 10. gr. sem lánastofnunin leggur fram fyrir samninga sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og lánaafleiður skulu fá 20% viðbótarútstreymi.
- Tryggingar sem felast í eignum sem um getur í f-lið 1. mgr. 10. gr. sem lánastofnunin leggur fram fyrir samninga sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og lánaafleiður, skulu fá 10% viðbótarútstreymi.

<sup>(1)</sup> Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjttíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1).

2. Lánastofnanir skulu reikna og tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðbótarústreymi fyrir alla samninga sem hafa verið gerðir og hafa þá samningsskilmála sem leiða innan 30 almanaksdaga, og í kjölfar verulegrar rýrnunar á útlánagæðum lánastofnunarinnar, til viðbótarústreymis eða aukinnar tryggingarþarfar. Lánastofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um þetta ústreymi eigi síðar en við skýrslugjöfina í samræmi við 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar lögbær yfirvöld telja slíkt ústreymi verulegt í tengslum við hugsanlegt ústreymi lausafjár lánastofnunarinnar skulu þau krefja lánastofnunina um að bæta við viðbótarústreymi fyrir þá samninga sem samsvara aukinni tryggingarþörf eða ústreymi handbærs fjár sem stafar af verulegri rýrnun á útlánagæðum lánastofnunarinnar sem samsvarar lækkun á utanaðkomandi lánshæfismati þess um þrjú punkta. Lánastofnunin skal beita 100% ústreymishlutfalli á viðbótartryggingarnar eða ústreymi handbærs fjár. Lánastofnunin skal reglulega endurskoða umfang þessarar verulegu rýrnunar í ljósi þess hvað skiptir máli samkvæmt samningunum sem hún hefur gengist undir og tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöðu endurskoðunarinnar.
3. Lánastofnanir skulu bæta við viðbótarústreymi sem samsvarar tryggingarþörfinni sem myndi leiða af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti, fjármögnunarviðskipti og aðra samninga lánastofnunarinnar ef þau eru veruleg. Þessi útreikningur skal gerður í samræmi við framseldu gerðina sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 3. mgr. 423. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
4. Lánastofnanir skulu taka tillit til þess ústreymis og innstreymis sem vænst er næstu 30 almanaksdaga vegna þeirra samninga sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á hreinum grunni í samræmi við 21. gr. Ef um hreint ústreymi er að ræða skal lánastofnunin margfalda niðurstöðuna með 100% ústreymishlutfalli. Lánastofnanir skulu undanskilja þær kröfur um lausafé sem myndu stafa af beitingu 1., 2. og 3. mgr. frá þeim útreikningi
5. Lánastofnanir skulu bæta við viðbótarústreymi sem samsvarar 100% af markaðsvirði verðbréfa eða annarra eigna sem eru skortseld og verða afhent innan 30 almanaksdaga nema lánastofnunin eigi verðbréf sem afhenda á eða hafi fengið þau lánuð á kjörum sem kveða á um að þeim verði skilað að 30 almanaksdögum liðnum og verðbréfin eru ekki hluti af lausafjáreignum lánastofnana. Ef skortstaðan er tryggð með veðtryggðum fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skal lánastofnunin gera ráð fyrir því að skortstöðunni verði haldið alla 30 almanaksdagana og fá 0% ústreymi.
6. Lánastofnunin skal bæta við viðbótarústreymi sem samsvarar 100% af:
  - a) umframtryggingum lánastofnunarinnar sem mótaðilinn getur kallað eftir hvenær sem er samkvæmt samningi,
  - b) tryggingum sem afhenda skal mótaðila innan 30 almanaksdaga,
  - c) tryggingum sem samsvara eignum sem myndu teljast hæfar sem lausafjáreignir að því er varðar II. bálk og hægt er að skipta út fyrir eignir sem samsvara eignum sem myndu ekki teljast hæfar sem lausafjáreignir að því er varðar II. bálk án samþykkis lánastofnunarinnar.
7. Innstæður, mótteknar sem tryggingar, skulu ekki teljast skuldbindingar að því er varðar 27. eða 29. gr. en skulu falla undir ákvæði 1. til 6. mgr. þessarar greinar, eftir atvikum.
8. Lánastofnanir skulu gera ráð fyrir 100% ústreymi vegna taps á fjármögnun eignavarinna verðbréfa, sértryggðra verðbréfa og annarra samsættra fjármálagerninga sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga þegar þessir gerningar eru gefnir út af lánastofnuninni sjálfri eða miðlunarsjóðum eða félögum með sérstakan tilgang sem lánastofnunin styður.
9. Lánastofnanir skulu gera ráð fyrir 100% ústreymi vegna taps á fjármögnun eignatryggt skammtímabréfa, miðlunarsjóða, verðbréfafjárfestingarfélögum og annarri slíkri fyrirgreiðslu við fjármögnun. Þetta 100% ústreymishlutfall skal gilda um upphæðina á gjalddaga eða upphæð eigna sem hugsanlega gæti verið skilað eða lausafjár sem krafist er.
10. Fyrir þann hluta fjármögnunaráætlana skv. 8. og 9. gr. þurfa lánastofnanir sem eru veitendur tengdra lausafjárþyrirgreiðslna ekki að tvítelja fjármálagerninginn sem fellur í gjalddaga og lausafjárþyrirgreiðsluna fyrir sameiginlegar áætlanir.
11. Eignir sem fengnar eru að láni án trygginga og sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga skulu teljast niðurfærðar að fullu, sem leiðir til 100% ústreymis lausafjáreigna nema lánastofnunin eigi verðbréfin og þau séu ekki hluti af varaforða lauss fjár lánastofnunarinnar.
12. Í tengslum við aðalmiðlunarþjónustu, þar sem lánastofnun hefur fjármagnað eignir eins viðskiptavinar með innri skuldajöfnun á móti skortsölum annars viðskiptavinar, skulu slík viðskipti fá 50% ústreymi fyrir skilyrta skyldu, þar sem lánastofnunin kann að þurfa að finna viðbótarfjármögnunarleiðir til að dekkja þessar stöður ef til koma úttektir viðskiptavina.

## 31. gr.

**Útstreymi vegna lána- og lausafjárþyrgreiðslu**

1. Að því er varðar þessa grein ber að skilja lausafjárþyrgreiðslu sem samningsbundna, óáðregna lánalínu sem yrði notuð til að endurfjármagna fjárskuldbindingar viðskiptavinar í aðstæðum þar sem viðskiptavinur getur ekki endurfjármagnað þær á fjármálamörkuðum. Fjárhæð hennar skal reiknuð sem fjárhæð útgefnar skuldar viðskiptavinar sem er útstandandi og fellur í gjalddaga innan 30 almanaksdaga og sem þyrgreiðslan stendur að baki. Hluti lausafjárþyrgreiðslunnar sem er til tryggingar skuldar sem fellur ekki í gjalddaga innan 30 daga skal falla utan gildissviðs skilgreiningarinnar á þyrgreiðslu. Farið skal með alla umframgetu þyrgreiðslunnar sem samningsbundna lánafjárþyrgreiðslu með meðfylgjandi lánanýtingarhlutfalli eins og það er tilgreint í þessari grein. Almenn veltufjárþyrgreiðsla fyrir viðskiptafyrirtæki verður ekki flokkuð sem lausafjárþyrgreiðsla heldur sem lánafjárþyrgreiðsla.

2. Lánastofnanir skulu reikna útstreymi fyrir lána- og lausafjárþyrgreiðslu með því að margfalda upphæð lána- og lausafjárþyrgreiðslunnar með viðkomandi útstreymishlutfalli sem sett er fram í 3. til 5. mgr. Útstreymi frá samningsbundnum útlána- og lausafjárþyrgreiðslum skal ákvarðast sem prósentu af hámarksfjárhæð sem hægt er að nýta innan 30 almanaksdaga að frádreginni lausafjárkröfu sem myndi gilda skv. 23. gr. vegna viðskiptafjármögnunar liða utan efnahagsreiknings og að frádregnu sérhverju veði sem lánastofnuninni er gert aðgengilegt og verðmetið í samræmi við 9. gr., að því tilskildu að veðið uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- a) að lánastofnunin megi endurnýta eða veðsetja það,
- b) því sé haldið í formi lausafjáreigna, en sé ekki viðurkennt sem hluti af varaforða lauss fjár og
- c) það samanstandi ekki af eignum sem mótaðilar þyrgreiðslunnar gefa út eða ein af tengdum einingum þeirra.

Ef nauðsynlegar upplýsingar eru tiltækar lánastofnuninni skal ákvarða hámarksfjárhæðina, sem hægt er að nýta fyrir lána- eða lausafjárþyrgreiðslu, sem hámarksfjárhæð sem tiltekinn mótaðili gæti nýtt að teknu tilliti til eigin skuldbindinga hans eða að gefinni fyrirframskilgreindri samningsbundinni tímaáætlun um lánanýtingu á 30 almanaksdögum.

3. Hámarksfjárhæð sem hægt er að nýta af óáðregnum, samningsbundnum lánafjárþyrgreiðslum og óáðregnum, samningsbundnum lausafjárþyrgreiðslum innan næstu 30 almanaksdaga skal margfölduð með 5% ef þær geta talist til áhættuflokks smásöluinnlána.

4. Hámarksfjárhæð sem hægt er að nýta af óáðregnum, samningsbundnum lánafjárþyrgreiðslum innan 30 almanaksdaga skal margfölduð með 10% ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær geta ekki talist til áhættuflokks smásöluinnlána,
- b) þær hafa verið veittar viðskiptavinum sem eru ekki viðskiptavinir á fjármálamarkaði, þ.m.t. fyrirtækjum sem ekki eru fjármálafyrirtæki, ríkissjóðum, seðlabönkum, fjölpjóðlegum þróunarbönkum og opinberum aðilum,
- c) þær hafa ekki verið veittar í þeim tilgangi að koma í staðinn fyrir fjármögnun viðskiptavinar þegar viðskiptavinurinn getur ekki aflað sér nauðsynlegrar fjármögnunar á fjármálamörkuðum.

5. Hámarksfjárhæð sem hægt er að nýta af óáðregnum, samningsbundnum lausafjárþyrgreiðslum innan næstu 30 almanaksdaga skal margfölduð með 30% þegar þær uppfylla skilyrðin sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. og með 40% þegar þær eru veittar einkafjárfestingarfélögum.

6. Óáðregin, samningsbundin fjárhæð lausafjárþyrgreiðslu, sem veitt hefur verið sérstökum verðbréfunaraðila til að gera slíkum sérstökum verðbréfunaraðila kleift að kaupa eignir aðrar en verðbréf frá viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði, skal margfölduð með 10% að því marki sem hún er umfram fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar af viðskiptavinum og ef sú hámarksfjárhæð sem nýta má er samkvæmt samningi takmörkuð við þá fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar.

7. Miðlæg stofnun kerfis eða nets sem um getur í 16. gr. skal margfalda með 75% útstreymishlutfalli lausafjárþyrgreiðslunnar sem hefur verið lofað lánastofnun sem á aðild þegar slík lánastofnun sem á aðild getur meðhöndlað lausafjárþyrgreiðslunnar eins og lausafjáreign í samræmi við 2. mgr. 16. gr. 75% útstreymishlutfallinu skal beitt á samningsbundinn höfuðstól lausafjárþyrgreiðslunnarinnar.

8. Lánastofnunin skal margfalda hámarksfjárhæðina sem hægt er að nýta af öðrum óáðregnum, samningsbundnum lánafjárþyrgreiðslum og ónýttum, samningsbundnum lausafjárþyrgreiðslum innan 30 almanaksdaga með viðkomandi útstreymishlutfalli sem hér segir:

- a) 40% fyrir lána- og lausafjárþyrgreiðslur sem veittar eru lánastofnunum og fyrir lánafjárþyrgreiðslur sem veittar eru öðrum eftirlitsskyldum fjármálastofnunum, þ.m.t. váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða lokuðum fjárfestingarsjóðum,

- b) 100% fyrir lausafjárfyrirgreiðslur sem lánastofnunin hefur veitt sérstökum verðbréfunaraðilum öðrum en þeim sem um getur í 6. mgr. og fyrir fyrirkomulag sem kveður á um að stofnuninni beri að kaupa eða skipta eignum frá sérstökum verðbréfunaraðila,
- c) 100% fyrir lána- og lausafjárfyrirgreiðslu til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem ekki er vísað til í a- og b- lið og í 1. til 7. mgr.

9. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 8. mgr. mega lánastofnanir sem eru settar á fót og styrktar af ríkisstjórn eða héraðsstjórn a.m.k. eins aðildarríkis beita meðferðum sem settar eru fram í 3. og 4. mgr. á lánsheimildir og lausafjárfyrirgreiðslur sem stuðningslánveitendum eru veittar í þeim tilgangi einum að fjármagna beint eða óbeint stuðningslán, að því tilskildu að þau lán uppfylli kröfurnar um útstreymishlutföll sem um getur í 3. og 4. mgr.

Þegar þessi stuðningslán eru veitt sem gegnumstreymislán fyrir milligöngu annarrar lánastofnunar sem milligönguaðila, mega lánastofnanir, þrátt fyrir ákvæði g-liðar 3. mgr. 32. gr., beita samhverfu innstreymi og útstreymi.

Stuðningsláanin sem um getur í þessari málsgrein skulu einungis standa til boða aðilum sem eru ekki viðskiptavinir á fjármálamarkaði án tillits til samkeppnis- eða hagnaðarsjónarmiða til að styðja opinbera stefnu Sambandsins eða ríkisstjórn eða héraðsstjórn þess aðildarríkis. Einungis skal vera mögulegt að nýta slíkar lausafjárfyrirgreiðslur í kjölfar væntrar eftirspurnar eftir stuðningsláni og ekki umfram fjárhæðina, sem sótt er um, að því tilskildu að í síðari skýrslugjöf sé gerð grein fyrir notkun veittra fjármuna.

10. Lánastofnanir skulu margfalda lausafjárútstreymi sem stafar af skuldbindingum sem falla í gjalddaga eftir 30 almanaksdaga með 100%, öðrum en þeim sem um getur í 23. til 31. gr.

### 3. KAFLI

#### *Innstreymi lausafjár*

#### *32. gr.*

#### **Innstreymi**

1. Innstreymi lausafjár skal metið á tímabili sem nemur 30 almanaksdögum. Það skal einungis samanstanda af samningsbundnu innstreymi frá áhættuskuldbindingum sem ekki eru fallnar í gjalddaga og sem lánastofnunin hefur ekki ástæðu til að ætla að verði vanefndar innan 30 almanaksdaga tímabils.
2. Innstreymi lausafjár skal fá 100% innstreymishlutfall, einkum eftirfarandi innstreymi:
  - a) væntanlegir fjármunir frá seðlabönkum og viðskiptavinum á fjármálamarkaði. Í tengslum við þá síðarnefndu, skal einkum líta svo á að innstreymi í kjölfar eftirfarandi viðskipta falli undir 100% innstreymishlutfall:
    - i. verðbréf sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga,
    - ii. viðskipti sem tengjast viðskiptafjármögnun sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 162. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með skemmri eftirstöðvatíma en 30 almanaksdaga
  - b) væntanlegir fjármunir frá stöðum í mikilvægum vísitölum eiginfjárgerninga, að því tilskildu að ekki sé um að ræða tvítalningu við lausafjáreignir. Þessir fjármunir skulu innihalda fjármuni sem greiða á samkvæmt samningi innan 30 almanaksdaga, s.s. arðgreiðslur í reiðufé frá slíkri mikilvægri vísitölu og reiðufé sem greiða skal inn frá slíkum eiginfjárgerningum sem hafa verið seldir en ekki enn uppgerðir, ef þeir eru ekki færðir sem lausafjáreignir í samræmi við II. bálk.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal innstreymið sem sett er fram í þessari málsgrein vera með fyrirvara um eftirfarandi kröfur:
  - a) væntanlegir fjármunir frá viðskiptavinum sem ekki eru á fjármálamarkaði skulu lækkaðir að því er varðar afborganir af höfuðstól um 50% af verðmæti þeirra eða um samningsbundnar skuldbindingar gagnvart þessum viðskiptavinum um að veita fjármögnun, eftir því hvort er hærra. Að því er varðar þennan lið, skal viðskiptavinur sem ekki er á fjármálamarkaði taka til fyrirtækja, ríkissjóða, fjölbjóðlegra þróunarbanka og opinberra aðila. Lánastofnanir sem hafa mótttekið skuldbindingu sem um getur í 9. mgr. 31. gr. til þess að greiða út stuðningslán til endanlegs viðtakanda, eða hafa mótttekið svipaða skuldbindingu frá fjölbjóðlegum þróunarbanka eða opinberum aðila geta þó tekið innstreymi til greina upp að fjárhæð útstreymisins sem þær beita gagnvart tilsvareandi skuldbindingu til að veita þessi stuðningslán,
  - b) ekki skal tekið tillit til væntanlegra fjármuna vegna tryggðra lánveitinga og viðskipta á fjármagnsmarkaði, eins og þau eru skilgreind í 2. og 3. lið 192. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem eru veðtryggð með lausafjáreignum upp að verðmæti

lausafjäreignanna að frádregnu viðeigandi frádragi í samræmi við II. bálk. Tekið skal fullt tillit til væntanlegra fjármuna vegna þess verðmætis sem eftir stendur eða þegar þær eru veðtryggðar með eignum sem ekki teljast lausafjäreignir í samræmi við II. bálk. Ekkert innstreymi skal heimilað ef veðið er notað til að þekja skortstöður í samræmi við 5. mgr. 30. gr.,

- c) væntanlegir fjármunir frá samningsbundnum verðbréfavéðlámum sem eru að falla í gjalddaga sem tekin eru á móti öðrum eignum en lausafjäreignum sem tryggingu geta fengið 50% innstreymishlutfall. Slíkt innstreymi getur aðeins verið tekið til greina ef lánastofnunin notar ekki veðið sem hún fékk upphaflega á móti láninu til að þekja skortstöður,
- d) væntanlegir fjármunir sem lánastofnunin sem skuldar þessar greiðslur meðhöndlar í samræmi við 27. gr., að undanskildum innstæðum í miðlægri stofnun sem um getur í 3. mgr. 27. gr., skulu margfaldaðir með tilsvareandi samhverfu innstreymishlutfalli. Þegar tilsvareandi hlutfall getur ekki verið fastsett skal beita 5% innstreymishlutfalli,
- e) tryggðir skiptasamningar sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga skulu leiða til innstreymis vegna umframlausafjäreignarveðis eigna sem lánaðar eru í samanburði við lausafjäreignirveðis eigna sem teknar eru að láni,
- f) ef tryggingin sem fæst með öfugum endurhverfum viðskiptum, verðbréfalántöku eða tryggðum skiptasamningum og sem fellur í gjalddaga innan 30 daga tímabils, er endurveðsett og notuð til að þekja skortstöður sem hægt er að framlengja umfram 30 daga skal lánastofnunin gera ráð fyrir því að slík öfug endurverf viðskipti eða fyrirkomulag verðbréfalántöku verði framlengd og leiði því ekki til innstreymisreiðufjár sem endurspeglar þörf hennar til að halda áfram að þekja skortstöðuna eða til að endurkaupa viðkomandi verðbréf. Skortstöður taka bæði til þess þegar lánastofnunin, sem hefur tekið jafn mikið að láni og sem nemur því sem lánað er viðskiptavini, og kröfurnar falla í gjalddaga samtímis, skortselur verðbréf beint sem hluta af viðskipta- eða áhættuvarnaráætlun og þegar lánastofnunin skortir verðbréf í samræmdum endurhverfum viðskiptum og hefur tekið verðbréf að láni í tiltekinn tíma og lánað verðbréfið til lengri tíma,
- g) ekki skal taka tillit til óáðreginna lánsheimilda eða lausafjäreignirveðisla og annarra skuldbindinga sem fást frá öðrum aðilum en seðlabönkum og þeim sem um getur í 34. gr. Ekki skal tekið tillit til óáðreginna, samningsbundinna lausafjäreignirveðisla frá seðlabankanum, sem eru viðurkenndar sem lausafjäreignir í samræmi við 14. gr., sem innstreymis,
- h) taka skal tillit til væntanlegra fjármuna vegna verðbréfa sem lánastofnunin sjálf gefur út eða tengdur aðili á hreinum grunni með innstreymishlutfalli sem beitt er á grundvelli innstreymis sem á við um eignina sem er undirliggjandi samkvæmt þessari grein,
- i) taka skal tillit til eigna með óskilgreinda lokadagsetningu samkvæmt samningi með 20% innstreymi, að því tilskildu að samningurinn heimili lánastofnuninni að taka út fé eða krefjast greiðslu innan 30 daga.

4. Ákvæði a-liðar 3. mgr. skulu ekki eiga við um væntanlega fjármuni frá tryggðum lánveitingum og viðskiptum á fjármagnsmarkaði, eins og skilgreind eru í 2 og 3. lið 192. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem eru veðtryggð með lausafjäreignum í samræmi við II. bálk eins og um getur b-lið 3. mgr. Taka skal fullt tillit til innstreymis sem stafar af úttekt inneignar á reikningum sem eru aðskildir í samræmi við kröfur um vernd veltifjármuna viðskiptavina, að því tilskildu að þessar aðskildu inneignir teljist sem lausafjäreignir eins og skilgreint er í II. bálki.

5. Út- og innstreymi sem vænst er innan 30 almanaksdaga vegna samninga, sem eru skráðir í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, skal reiknað á hreinum grunni eins og um getur í 21. gr. og margfaldað með 100% ef um hreint innstreymi er að ræða.

6. Lánastofnanir skulu ekki taka tillit til innstreymis frá þeim lausafjäreignum sem um getur í II. bálki, að undanskildum gjaldföllnum greiðslum í tengslum við eignirnar sem endurspeglast ekki í markaðsvirði eignarinnar.

7. Lánastofnanir skulu ekki taka tillit til innstreymis frá nýjum skuldbindingum sem stofnað er til.

8. Lánastofnanir skulu aðeins taka tillit til lausafjäreigninnastreymis, sem tekið verður á móti í þriðju löndum, ef um millifærslutakmarkanir er að ræða, eða sem eru tilgreindar í gjaldmiðli sem ekki er hægt að skipta, að því marki sem það samsvarar útstreymi í þriðja landinu eða viðkomandi gjaldmiðli, eftir því sem við á.

33. gr.

#### Hámark á innstreymi

1. Lánastofnanir skulu takmarka viðurkenningu á innstreymi lausafjár við 75% af heildarútstreymi eins og skilgreint er í 2. kafla nema sérstakt innstreymi sé undanþegið eins og um getur í 2., 3. eða 4. mgr.

2. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds getur lánastofnunin undanþegið að fullu eða að hluta til eftirfarandi innstreymi lausafjár frá hámarkinu sem um getur í 1. mgr.:

- a) innstreymi þar sem veitandi er móðurfélag eða dótturfélag lánastofnunarinnar eða annað dótturfélag sama móðurfélags eða tengist lánastofnuninni í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
- b) innstreymi frá innstæðum sem lagðar eru inn hjá öðrum lánastofnunum innan eignasamstæðu sem uppfylla skilyrði til að fá meðhöndlun í samræmi við 6. eða 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) innstreymi sem um getur í 26. gr., þ.m.t. innstreymi frá lánum sem tengjast fasteignaveðlánnum eða stuðningslánnum sem um getur í 9. mgr. 31. gr. eða frá fjölbjóðlegum þróunarbanka eða opinberum aðila sem lánastofnunin hefur miðlað.

3. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins geta sérhæfðar lánastofnanir verið undanþegnar frá hámarkinu á innstreymi þegar meginstarfsemi þeirra eru leiga og kröfukaup, að undanskilinni starfsemi sem lýst er í 4. mgr., og þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 5. mgr. eru uppfyllt.

4. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins geta sérhæfðar lánastofnanir verið láttnar sæta 90% hámarki á innstreymi þegar skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. eru uppfyllt og aðalstarfsemi þeirra er eftirfarandi:

- a) fjármögnun á kaupum á vélknúnum ökutækjum,
- b) neytendalán eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB.

5. Lánastofnanir sem um getur í 3. mgr. geta verið undanþegnar frá hámarkinu á innstreymi og lánastofnanir sem um getur í 4. mgr. geta beitt hærra 90% hámarki að því tilskildu að þær uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- a) atvinnustarfsemi leiðir í ljós lágt lausafjáráhættusnið að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:
  - i. tímasetning innstremmis er sú sama og tímasetning útstremmis,
  - ii. á einingargrunni er lánastofnunin ekki fjármögnuð að verulegu leyti með smásöluinnlánnum,
- b) á einingargrunni er hlutfall aðalstarfsemi þeirra, sem um getur í 3. eða 4. mgr. meira en 80% af heildar efnahagsreikningnum,
- c) undanþágurnar eru birtar í ársskýrslum.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvaða sérhæfðu lánastofnanir hafa fengið undanþágu eða verið láttnar sæta hærra hámarki og láta rökstuðning fylgja með. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta og halda skrá yfir sérhæfðar lánastofnanir sem hafa fengið undanþágu eða sæta hærra hámarki. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur farið fram á frekari gögn.

6. Beita má þeim undanþágum sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr., þegar lögbær yfirvöld samþykkja þær, bæði á einingar- og samstæðugrunni, með fyrirvara um e-lið 3. mgr. 2. gr.

7. Lánastofnanir skulu ákvarða fjárhæð nettó lausafjárútsstremmis við beitingu innstremmishámarksins í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð.

34. gr.

#### **Innstreymi innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis**

1. Þrátt fyrir g-lið 3. mgr. 32. gr. mega lögbær yfirvöld veita leyfi til að nota meira innstreymi í hverju tilviki fyrir sig vegna óádræginna lána- og lausafjárfyrirgreiðslna að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) ástæða er til að ætla að innstreymi verði meira, jafnvel þegar saman fara sérstakir erfiðleikar veitandans og álag sem nær til alls markaðarins,
- b) þegar mótaðilinn er móður- eða dótturfélag lánastofnunarinnar eða annað dótturfélag sama móðurfélags eða tengdur lánastofnuninni í gegnum samband, í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða er aðili að sama stofnanaverndarkerfi, sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða miðlægu stofnuninni eða hlutdeildarfélagi í neti eða samvinnusamstæðu eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- c) þegar innstremmishlutfallið er hærra en 40%, skal mótaðilinn beita samsvarandi samhverfu útstremmishlutfalli þrátt fyrir ákvæði 31. gr.,
- d) lánastofnunin og mótaðilinn hafa staðfestu í sama aðildarríki.



2. Þegar lánastofnunin og lánastofnunin sem er mótaðili hennar eru með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum geta lögbær yfirvöld fellt niður skilyrðið sem sett er fram í d-lið 1. mgr. þar sem eftirfarandi hlutlægar viðbótarviðmiðanir í a- til c-lið, auk þeirra viðmiðana sem um getur í 1. mgr., eru uppfylltar:

- a) veitandi og móttakandi eru með lágt lausafjánhættusnið,
- b) til staðar eru lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli samstæðueininga varðandi lána- eða lausafjárlínur,
- c) tekið hefur verið nægjanlegt tillit til lausafjánhættusniðs móttakandans við lausafjánhættustjórnun lausafjárveitandans.

Lögbær yfirvöld skulu vinna saman, í fullu samráði, í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 til þess að ákvarða hvort viðbótarviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari málsgrein séu uppfylltar.

3. Þegar viðbótarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. eru uppfylltar skal lögbært yfirvald móttakanda lausafjár vera heimilt að beita allt að 40% ívilnandi innstreymishlutfalli. Hins vegar skal samþykki beggja lögbæru yfirvaldanna liggja fyrir ef nota á ívilnandi hlutfall sem er herra en 40%, sem skal beitt með samhverfum hætti.

Ef heimild er veitt til að beita ívilnandi innstreymi sem er herra en 40% skulu lögbær yfirvöld upplýsa Evrópsku bankaefirlitsstofnunina um niðurstöðu ferlisins sem um getur í 2. mgr. Lögbæru yfirvöldin skulu endurskoða reglulega hvort skilyrðin fyrir slíku herra innstreymi séu áfram uppfyllt.

#### IV. BÁLKUR

#### LOKAÁKVÆÐI

35. gr.

#### **Beiting eldri reglna á eignir í bönkum sem aðildarríki ábyrgjast**

1. Eignir sem lánastofnanir gefa út sem eru tryggðar af ríkisstjórn aðildarríkis skulu einungis teljast eignir á stigi 1 þegar tryggingin:

- a) var veitt eða henni lofað að hámarksfjárhæð fyrir 30. júní 2014,
- b) er bein, skýr, óafturkallanleg og skilyrðislaus ábyrgð og nær til vanefnda á greiðslu höfuðstóls og vaxta þegar þeir falla í gjalddaga.

2. Þegar ábyrgðaraðili er héraðsstjórn eða staðaryfirvald í aðildarríki skal tryggða eignin aðeins teljast eign á stigi 1 þegar farið er með áhættuskuldbindingar gagnvart slíkum héraðsstjórnnum eða staðaryfirvöldum sem áhættuskuldbindingar ríkisstjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 115. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tryggingin uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Eignirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu halda áfram að teljast eignir á stigi 1 eins lengi og ábyrgðin er í gildi að því er varðar viðkomandi útgefanda eða eignir hans, eftir því sem við á, eins og henni hefur verið breytt eða hún leyst af hólmi öðru hverju. Þegar fjárhæð tryggingar fyrir útgefanda eða eignir hans er aukin eftir 30. júní 2014, skulu eignirnar einungis teljast lausafjáreignir upp að hámarksfjárhæð tryggingarinnar sem var veitt fyrir þann dag.

4. Eignirnar sem um getur í þessari grein skulu sæta sömu kröfum og gilda samkvæmt þessari reglugerð gagnvart eignum á stigi 1 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af ríkis- eða héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr.

5. Þegar lánastofnun eða eignir hennar njóta góðs af ábyrgðarkerfi skal líta á kerfið í heild sem tryggingu að því er varðar.

36. gr.

#### **Umbreytingarákvæði fyrir stofnanir sem stýra virðisrýrðum eignum og njóta stuðnings aðildarríkis**

1. Rétt hæri skuldabréf sem gefin eru út af eftirfarandi stofnunum sem stýra virðisrýrðum eignum og njóta stuðnings aðildarríkis skulu teljast eignir á stigi 1 til 31. desember 2023:

- a) á Írlandi, National Asset Management Agency (NAMA),
- b) á Spáni, Sociedad de Gestión de Activos Procedentes de la Reestructuración Bancaria, S.A. (SAREB),

- c) í Slóveníu, Bank Asset Management Company sem komið er á fót skv. ráðstöfunum Lýðveldisins Slóveníu í lögum um að auka stöðugleika banka.
2. Eignirnar sem um getur í 1. mgr. skulu sæta sömu kröfum og gilda samkvæmt þessari reglugerð gagnvart eignum á stigi 1 sem mynda kröfur á eða eru tryggðar af, ríkis- eða héraðsstjórnnum, staðaryfirvöldum eða opinberum aðilum sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr.

37. gr.

#### **Umbreytingarákvæði fyrir verðbréfanir sem eru tryggðar með húsnæðislánum**

1. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu verðbréfanir sem eru gefnar út fyrir 1. október 2015, þar sem undirliggjandi skuldbindingar eru húsnæðislán eins og um getur í i. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr., teljast sem eignir á stigi 2B ef þær uppfylla allar kröfurnar sem settar eru fram í 13. gr. aðrar en kröfur um veðsetningarhlutfall eða kröfur er varða skuldahlutfall sem settar eru fram í i. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.
2. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu verðbréfanir, sem gefnar eru út eftir 1. október 2015 þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán, eins og um getur í i. lið g-liðar 2. mgr. 13. gr., sem uppfylla ekki meðal veðsetningarhlutfallskröfur eða kröfur um hlutfall lána og tekna sem settar eru fram í þeim lið, teljast eignir á stigi 2B til 1. október 2025, að því tilskildu að meðal undirliggjandi áhættuskuldbindinga séu húsnæðislán sem ekki féllu undir landslög um takmörk á hlutfalli lána og tekna á þeim tíma sem þau voru veitt og slík húsnæðislán hafi verið veitt fyrir 1. október 2015.

38. gr.

#### **Umbreytingarákvæði til að koma á lausafjárþekjuhluftfalli**

1. Í samræmi við 2. mgr. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal lausafjárþekjuhluftfalli sem mælt er fyrir um í 4. gr. komið á með eftirfarandi hætti:
- a) 60% af kröfunni um lausafjárþekju frá og með 1. október 2015,
  - b) 70% frá og með 1. janúar 2016,
  - c) 80% frá og með 1. janúar 2017,
  - d) 100% frá og með 1. janúar 2018.
2. Í samræmi við 5. mgr. 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 geta aðildarríki eða lögbær yfirvöld krafist lánastofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi, eða hlutmengi þessara lánastofnana, um að viðhalda hærri kröfum um lausafjárþekju, allt að 100%, þar til bindandi lágmarkskrafa upp á 100% er tekin upp að fullu í samræmi við þessa reglugerð.

39. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. október 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

**Formúla til að ákvarða samsetningu varaforða lauss fjár**

1. Lánastofnanir skulu nota formúluna sem mælt er fyrir um í þessum viðauka til að ákvarða samsetningu varaforða lauss fjár í samræmi við 17. gr.
2. Útreikningur varaforða lauss fjár: frá og með útreikningsdegi skal varaforði lauss fjár lánastofnunar samsvara:
  - a) fjárhæð eignar á stigi 1, plús
  - b) fjárhæð eignar á stigi 2A, plús
  - c) fjárhæð eignar á stigi 2B,að frádregnu því sem er lægra:
  - d) summu a-, b- og c-liða, eða
  - e) „umframfjárhæð lausafjäreigna“ eins og hún er reiknuð út í samræmi við 3. og 4. mgr. þessa viðauka.
3. „Umframfjárhæð lausafjäreigna“: þessi fjárhæð skal samanstanda af þeim þáttum sem hér eru skilgreindir:
  - a) leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 1 sem er skuldabréf sem ekki er sértryggt sem skal vera jöfn verðmæti allra lausafjäreigna á stigi 1, að undanskildum sértryggðum skuldabréfum á stigi 1, sem myndu vera í eigu lánastofnunar við lok tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra lánveitinga, eignaskipta eða veðtryggðra afleiðuviðskipta sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi og þar sem lánastofnunin og mótaðilinn skiptast á lausafjäreignum í a.m.k. einum legg viðskiptanna,
  - b) leiðrétt fjárhæð sértryggðra skuldabréfa á stigi 1 sem skal vera jöfn verðmæti allra sértryggðra skuldabréfa á stigi 1 eftir frádrag, sem myndu vera í eigu lánastofnunar við lok tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra lánveitinga, eignaskipta eða veðtryggðra afleiðuviðskipta sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi og þar sem lánastofnunin og mótaðilinn skiptast á lausafjäreignum í a.m.k. einum legg viðskiptanna,
  - c) leiðrétt fjárhæð eigna á stigi 2A sem skal vera jöfn verðmæti allra eigna á stigi 2A eftir frádrag, sem myndu vera í eigu lánastofnunar við lok tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra lánveitinga, eignaskipta eða veðtryggðra afleiðuviðskipta sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi og þar sem lánastofnunin og mótaðilinn skiptast á lausafjäreignum í a.m.k. einum legg viðskiptanna og
  - d) leiðrétt fjárhæð eigna á stigi 2B sem skal vera jöfn verðmæti allra eigna á stigi 2B eftir frádrag, sem myndu vera í eigu lánastofnunar við lok tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra lánveitinga, eignaskipta eða veðtryggðra afleiðuviðskipta sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi og þar sem lánastofnunin og mótaðilinn skiptast á lausafjäreignum í a.m.k. einum legg viðskiptanna.
4. Útreikningur á „umframfjárhæð lausafjäreigna“: þessi fjárhæð skal jöfn og:
  - a) leiðrétt fjárhæð eigna á stigi 1 sem eru ekki sértryggð skuldabréf, plús
  - b) leiðrétt fjárhæð sértryggðs skuldabréfs á stigi 1, plús
  - c) leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2A, plús
  - d) leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2B,að frádregnu því sem er lægra:
  - e) summu a-, b-, c-, og d-liða,
  - f)  $100/30$  sinnum a-liður,
  - g)  $100/60$  sinnum summu a- og b-liða,
  - h)  $100/85$  sinnum summu a-, b- og c-liða.

5. Samsetning varaforða lauss fjár eftir að tillit hefur verið tekið til loka tryggðra fjármögnunarviðskipta, tryggðra lánveitinga, eignaskipta eða veðtryggðra afleiðuviðskipta og beitingu þeirra hámarks sem getið er að ofan í samræmi við 17. gr. skal ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

a“ (leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 1 sem er ekki sértryggt skuldabréf eftir beitingu hámarks)

= a (leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 1 sem er ekki sértryggt skuldabréf áður en hámarki er beitt)

b“ (leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 1 sem er sértryggt skuldabréf eftir beitingu hámarks)

= MIN(b, a70/30)

þegar b = leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 1 sem er sértryggt skuldabréf áður en hámarki er beitt

c“ (leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2A eftir beitingu hámarks)

= MIN(c, (a + b“)40/60, MAX(a70/30 – b“, 0))

þegar c = leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2A áður en hámarki er beitt

d“ (leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2B eftir beitingu hámarks)

= MIN(d, (a + b“ + c“)15/85, MAX((a + b“)40/60 – c“, 0), MAX(70/30a – b“ – c“, 0))

Þegar d = leiðrétt fjárhæð eignar á stigi 2B áður en hámarki er beitt)

---

## II. VIÐAUKI

### Formúla fyrir útreikning nettó lausafjárústreymis

NLO = Nettó lausafjárústreymi

TO = Heildarústreymi

TI = Heildarinnstreymi

FEI = Að fullu undanþegið innstreymi

IHC = Innstreymi sem sætir hærra 90% hámarki á ústreymi

IC = Innstreymi sem sætir 75% hámarki á ústreymi

Nettó lausafjárústreymi er jafnt heildarústreymi að frádregnu innstreymi sem undanþegið er að fullu að fráðreginni lækkun vegna innstreymis sem sætir 90% hámarki að fráðreginni lækkun vegna innstreymis sem sætir 75% hámarki

$$NLO = TO - \text{MIN}(FEI, TO) - \text{MIN}(IHC, 0,9 * \text{MAX}(TO - FEI, 0)) - \text{MIN}(IC, 0,75 * \text{MAX}(TO - FEI - IHC/0,9, 0))$$

---